

MANON LAMÉRIS
Heillast af grænmeti
og heilbrigðum lífsstíl
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON
Reikningur frá brúðkaup-
inu fyrir dóm.
Ágreiningur um lokauppgjör segir lögmaður
FÓLK 26



NÝ
NÁMSKEIÐ
sjá heilsíðu bls. 11

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. október 2009 — 236. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Sjónvarpskokk- ar á sama tíma

Jói Fel ætlar að
horfa á Jóhönnu á
plúsinum.

FÓLK 26



Átján holur á afmælinu

Kjartan L. Pálsson
heldur upp á
sjötugsafmælið
með golfmóti
í Alicante.

TÍMAMÓT 16



Atli og Katrín best

Atli Guðnason og
Katrín Jónsdóttir voru
valin bestu leikmenn
ársins.

ÍÞRÓTTIR 22



fyrir allar dætur

ómmur - mömmur - systur - vinkonur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini

Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur

5 15 25 35 45 þúsund

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA EINHVER ÚRKOMA í dag
verða austan 5-13 m/s hvassast
á annesjum á Vestfjörðum. Víða
skúrir eða slydduél en snjóél til
fjalla. Hiti 2-6 stig á láglendi hlýj-
ast suðaustan til.

VEÐUR 4

Kaffirjómi í nýjum umbúðum

Frábær út í kaffið og til
matargerðar.



ms.is

Ögmundur: Var vísað á dyr

Ögmundur Jónasson segir ríkisstjórnina hafa vísað sér á dyr. Vinstri græn bíða þess nú að Steingrímur J. snúi heim frá Tyrklandi og reyni að leysa innanflokksdeiluna. Geta ekki hugsað sér annað stjórnarsamstarf.

STJÓRN MÁL Óeiningin innan Vinstri grænna varð til þess í gær að hvorki Ögmundur Jónasson né Guðfríður Lilja Grétarsdóttir vildu flytja ræðu við umræður um stefnuræðu forsætisráðherra, eins og mælst hafði verið til við þau.

„Mér finnst ég ekki vera heppilegur kandidat að tala fyrir hönd ríkisstjórnar sem nýverið hefur vísað mér á dyr,“ segir Ögmundur. „En ég er eindreginn stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar þótt ég hafi ekki beinlínis geð í mér þessa stundina til að gerast helstur málsvari hennar.“ Hann var ekki viðstaddur stefnuræðuna og umræður um hana í gær vegna veikinda.

Þá var þingflokksfundi sem fram

átti að fara í gær frestað. Sú ástæða er gefin upp fyrir því að of margir hafi ekki getað komist á fundinn, en heimildir herma að innan flokksins hafi einfaldlega verið talið tilgangs-lítið að ræða þennan ágreining án flokksformannsins. Hann snýr aftur af fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Tyrklandi á miðvikudag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gramdist efasemdarmönnum um Icesave-samninginn innan VG mjög þegar Steingrímur J. Sigfússon sagðist í fjölmiðlum daginn eftir kvöldfund þingflokksins á miðvikudaginn var hafa fullt umboð til að leiða Icesave-málið til lykta. Þeir töldu sig ekki hafa veitt honum óskorað umboð til að klára málið,

heldur þyrfti það alltaf að koma aftur til kasta þingflokksins. Þetta varð til þess að þeir álitu að samkomulag um að ræða ekki ágreininginn í flokknum opinberlega væri fyrir bí. Í kjölfarið talaði Guðfríður, nánasti samherji Ögmundar, mjög opinskátt í Sjónvarpinu um brott-hvarf Ögmundar úr ríkisstjórn.

Ummæli Guðfríðar, sem sakaði ríkisstjórnina meðal annars um ólýðræðisleg vinnubrögð, hafa valdið uppnámi og sagði meðal annars í fréttum Stöðvar 2 í gær að ekki væri útilokað að andófsarmurinn, sem í eru, auk Ögmundar og Guðfríðar, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósedóttir, klyfi sig úr flokknum.

Ólíklegt er þó að til úrsagna úr þingflokki komi, að sögn heimildarmanna blaðsins. Allir þingmenn og áhrifamenn í Vinstri grænum séu einhuga um það að halda lífi í ríkisstjórninni. Þar innanbúðar geti menn ekki hugsað sér að Sjálfstæðisflokkurinn komist aftur til valda, eins og líklegt er fari þessi ríkisstjórn frá.

Í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi sagðist Steingrímur ekki óttast klofning í flokknum. Hann líti svo á að hann hafi óskorað umboð þingflokksins til að láta reyna á hvort hægt verði að ná niðurstöðu í Icesave-málinu, sem síðar yrði kynnt flokksmönnum og öðrum.

- bj, kóp, sh



JÚLIUS GEIRMUNDSSON Í SLIPP Togarinn Júlíus Geirmundsson ÍS-270, sem landar á Ísafirði, er nú í slipp í Reykjavíkurbörn. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær var þessi starfsmaður slippisins önnur kafinn við að endurmála íslensku fánalitina á kjölinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dorrit Moussaieff:

Stjörnubod í New York

FÓLK Forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, sat glæsilegan kvöldverð í New York þegar forsetahjónin voru þar í lok september.

Banda-ríska blaðið New Yorker fjallar ítarlega um veisluna í grein í gær. Hefur blaðið eftir Dorrit að eiginkonur valdamanna hittist við alls konar aðstæður. „Við sjáumst við brúðkaup og jarðarfari.“

Kvöldverðurinn, sem fór fram á hinum glæsilega veitingastað Cipriani, var þaulsetinn af kvenkyns stórstjórnunum og nægir þar að nefna leikkonurnar Nicole Kidman og Jessica Alba og ofur-fyrirsæturnar Iman og Naomi Campbell. Í boðinu var einnig Sarah Brown, eiginkona breska forsætisráðherrans Gordons Brown.

- fgg/sjá síðu 20



DORRIT MOUSSAIEFF

Forsætisráðherra segir víða jákvæð teikn sem ættu að örva Íslendinga og hvetja: Afrek að halda hlutunum gangandi

ALÞINGI Víða eru jákvæð teikn í atvinnulífi, menningu, félagsstarfi og stjórnsýslu sem ættu að örva landsmenn og hvetja, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.

Hún sagði þjóðina hafa staðið sig betur en svörtustu spár hafi gert ráð fyrir, og afrek hafi verið unnin við að halda hlutunum gangandi.

Jóhanna sagði mikilvægt að ljúka Icesave-málinu, en hallarekstur ríkissjóðs og tæknilegt gjaldþrot Seðlabankans væru þó stærri vandamál.

Í raun ríkir ekki bara efnahagskreppa í landinu, heldur einnig stjórnarkreppa, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sagði þingmenn flokksins ætla að kynna efnahagsáætlun með markvissum aðgerðum

til að koma Íslandi út úr kreppunni á næstu dögum. Ríkisstjórnin gerir þveröfugt við það sem hún ætti að gera, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Leggja eigi byrðir vegna Icesave á þjóðina, halda háu vaxta-stigi og fara í niðurskurð, á sama tíma og hækka eigi skattaálgur á almenning og fyrirtæki.

- bj, bps / sjá síðu 6



Ostarúllurnar
frá Ostahúsinu

frábærar í matargerð og á ostabakkann



Stórfundur SÁÁ

Mætum á samstöðu- og baráttufund SÁÁ í Háskólabíói miðvikudaginn 7. október klukkan 20:00.

Sláum skjaldborg um áfengis- og vímuefnabæturferðina.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



SPURNING DAGSINS



Pálmi, voruð þið í góðu geimi?

„Jú, jú, við vorum á fallegasta stað á jarðri í góðu veðri og mikilli stemningu.“

Í væntanlegri ævisögu Magnúsar Eiríkssonar segir frá því þegar þeir Pálmi Gunnarsson voru numdir á brott og færðir út í geim á meðan þeir lágu úti í guðs grænni náttúrunni við Búðaklett.



EUROVISION Í MOSKVA Jóhanna Guðrún var þjökkuð af gigt þegar hún söng *Is it true?* í vor.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir:

Þjáðist af gigt í Eurovision

FÓLK „Það halda rosalega margir að aðeins gamalt fólk fái gigt. Það er alls ekki rétt,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona, sem þjáðist verulega af gigt þegar hún söng í Eurovision í Moskvu í vor. „Ég fór í háhæluðu skóna rétt áður en ég fór á svið því ég var svo bólgin á tánum,“ segir hún.

Jóhanna hefur verið með gigt frá unga aldri en var ekki fyrir en nýlega greind með liðagigt sem varð til þess að hún var sett á rétt lyf. Hún gengur í fararbroddi árlegrar gigtargöngu á fimmtudaginn sem farin er frá Ingólfs-torgi.

- sg/sjá síðu 17

Kona sem stakk stúlkubarn:

Verður áfram í gæsluvarðhaldi

DÓMSMÁL Rúmlega tvítug kona úr Keflavík, situr áfram í gæsluvarðhaldi næstu fjórar vikurnar vegna árásar á fimm ára gamla stúlku í Keflavík.

Konunni er gefið að sök að hafa stungið stelpuna fyrirvaralaust í brjóstid á heimili hennar laust eftir hádegisdag sunnudag fyrir viku. Konan var handtekin fljótlega eftir árásina og úrskurðuð í gæsluvarðhald sem rann út í gær. Héraðsdómur framlengdi gæsluvarðhaldið um fjórar vikur. Konan hefur játað á sig verknadinn.

Fjármálaráðherra gerir framkvæmdastjóra AGS grein fyrir óánægju Íslendinga:

Mikill áhugi á að ljúka Icesave

EFNAHAGSMÁL Af viðbrögðum fjármálaráðherra Hollands og Bretlands má ráða að þeir hafi mikinn áhuga á að ljúka Icesave-málinu, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Hann átti fund með Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, í Ístanbúl í Tyrklandi í gær, og hitti Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, stuttlega á sunnudag. Ráðherrarnir eru staddir á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), sem fram fer í borginni næstu daga.

Fundurinn með Bos var góður og gagnlegur, og munu sérfræðingar frá báðum löndum fara yfir lög-



SAMMÁLA Viðmælendur Steingríms J. Sigfússonar eru sammála um að Ísland verði áfram í sjálfheldu þar til Icesave-málinu verði lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fræðileg álitaefni sem þar komu fram, segir Steingrímur. Ræddar hafi verið leiðir til að ljúka málinu, en að ekki hafi verið um samningafund að ræða og ekki við því

að búast að málið leysist á slíkum fundi.

Steingrímur mun funda með Dominique Strauss-Kahn, aðalframkvæmdastjóra AGS, í dag. Steingrímur segist að sjálfsögðu ætla að gera Strauss-Kahn ljóst að Íslendingar séu afar ósáttir við þær tafir sem orðið hafi á framgangi áætlunar AGS fyrir Ísland vegna alls ótengdra mála.

Steingrímur segir viðmælendur sína á ársfundi AGS almennt sammála um að það sé orðið afar vandræðalegt og þínlegt hversu lengi hafi dregist að endurskoða áætlun AGS fyrir Ísland, og að það mál sé látið stranda á Icesave.

- bj

Vill erlenda brotamenn strax í burt

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu telur að Útlendingastofnun fullnýti ekki lagaheimildir sem fyrir hendi eru til þess að vísa erlendum brotamönnum úr landi fyrr á brotaferli þeirra. Hann vill að gripið sé strax inn í, þegar unnt er.

LÖGGÆSLA Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, telur að heimildir í íslenskum lögum til að vísa erlendum brotamönnum úr landi séu ekki fullnýttar.


Aðspurður kveðst hann vilja að Útlendingastofnun gripi strax inn í og taki á mönnum sem hingað koma til að fremja afbrot og séu sannanlega byrjaðir að brjóta af sér. Hún hafi viðtækar heimildir og geti fyrir gripið inn í í mörgum tilvikum. Hins vegar gangi ágætlega að vísa úr landi mönnum sem fengið hafa fangelsisdóma og afplána þá.

Rósa Dögg Flosadóttir, starfandi forstjóri Útlendingastofnunar, segir að vanda verði mjög til undirbúnings brottvísunar þrátt fyrir að lagaheimild þar um sé beitt af fullum þunga. Lög um brottvísun kveði á um að hún sé heimil sýni útlendingurinn af sér háttsemi sem feli í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarsjónarmiðum þjóðfélags.

„Almennt er því ekki unnt að taka ákvörðun um brottvísun fyrir en mál er fullrannsakað og nægar upplýsingar liggja fyrir til að meta hvort skilyrði brottvísunar séu fyrir hendi,“ útskýrir hún.

Hvað varðar skjótari inngrip Útlendingastofnunar bendir lögreglustjóri á að stofnunin hafi verið upplýst um nýleg umfangsmikil innbrot- og þjófnaðarmál, þar sem á þriðja tug manna sem eru af erlendu bergi brotnir hafi átt beina eða óbeina aðild að.

„Parna er skýr forsenda að mínu mati til að setja málefni þeirra nú



STEFÁN EIRÍKSSON



RÓSA DÖGG FLOSADÓTTIR

þegar í brottvísunarfarveg, jafnvel þrátt fyrir að ákærumeðferð sé ekki lokið, meðal annars með hlöðsýn af því að sumir í hópnum hafa þegar játað.“

Spurður hvort lögregla hafi sent Útlendingastofnun tillögur um brottvísun manna sem hafi komið

gagngert til landsins til að brjóta af sér og þegar hafið brotastarfsemi sína, segir Stefán svo vera í þremur tilvikum. Um sé að ræða tillögur um tvo menn sem sendar voru til stofnunarinnar í desember og einn til viðbótar í byrjun semtember. Þessi mál séu enn óafgreidd að því er hann best viti.

Forstjóri Útlendingastofnunar kveðst ekki geta tjáð sig um mál í vinnslu. Hins vegar geti mál skipast þannig að þótt lögregla sendi stofnuninni tillögur um brottvísun sé ekki unnt að taka ákvörðun þar um strax þar sem mál viðkomandi einstaklings sé til meðferðar í refsivörslukerfinu og kunni að vera ástæða til að bíða niðurstöðu dómstóla.

jss@frettabladid.is

Kannabisræktun í borginni:

Tóku fíkniefni og götusala

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í miðborginni í gærmorgun. Við húsleit fundust 125 kannabisplöntur á lokastigi ræktunar og um 400 grömm af maríjúana. Á sama stað fannst einnig mjög mikið af kannabisfræjum.

Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn í tengslum við rannsókn málsins. Hann játaði aðild en fíkniefnin voru ætluð til sölu.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

- jss

Tveir fjögurra hnífamanna:

Voru í farbanni vegna svindls

LÖGREGLUMÁL Tveir fjögurra manna sem lögregla handtók í fyrradag, eftir að þeir höfðu stungið mann með hnífi á Spítalastíg, voru farbanni vegna meints greiðslukortasvindls þegar þeir voru handteknir.

Mennirnir fjórir réðust að þeim fimmta á Spítalastignum um þrjúleйтиð aðfaranótt sunnudagsins og særðu hann. Þeir komust undan lögreglu en voru handsamaðir daginn eftir. Bæði árásarmennirnir og sá sem ráðist var á eru af erlendu bergi brotnir. Tveir þeirra hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til vikuloka.

Tveir árásarmannanna hafa sætt rannsókn lögreglu vegna greiðslukortasvindls. Þeir voru handteknir um miðjan september. Þá höfðu þeir gert innkaup og notað til þess greiðslukort erlendra korthafa. Kortin eru ófundin. Talið er að þeir hafi afritað rafrænar kortaupplýsingar á fölsuð kort, sem þeir hófu síðan að nota hér á landi.

- jss

Loftsteinn féll yfir Suðurlandi:

Líklega á stærð við fótbolta

NÁTTÚRA Óvenju skær vígahnöttur sást víða á Suðurlandi aðfaranótt mánudags. Loftsteinninn hefur sennilega verið á stærð við fótbolta og fallið nærri suðurodda landsins. Nálægt hundrað skráð tilfelli eru um loftsteina hérlandis, en aldrei hafa þó fundist brot úr neinum þeirra.

Lögreglumenn frá Selfossi urðu vel varir við loftsteininn þar sem þeir voru á akstri á Suðurlandi, og festi myndavél í lögreglubílnum fyrirbærið á mynd.

Talað er um vígahnetti þegar lofsteinn kemur á miklum hraða inn fyrir gufhvolfið, hitnar geysilega og sést þá greinilega.

Fé til Samkeppniseftirlitsins skorið niður en verkefnin hrannast upp:

Segir fjárveitinguna vonbrigði

SAMKEPPNI „Lækkun á fjárveitingum sem ráðgerð er í fjárlagafrumvarpinu veldur að sjálfsögðu vonbrigðum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (SE). Gert er ráð fyrir 285 milljóna fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2010 sem jafngildir þrjátíu milljóna króna lækkun að raungildi milli ára.

Samkeppniseftirlitið hefur í fjárlagaferlinu lagt fram tillögur sem miða að því að efla stofnunina. Á þessu ári voru settar fram óskir um auknar fjárveitingar og Páll Gunnar hefur bent á að SE sé undirmanað í ljósi sífellt aukinna verkefna.

„Það er sérstaklega mikilvægt á tímum efnahagsþrenginga að standa vörð um samkeppnina og beita í því skyni ströngum samkeppnisreglum, í því skyni að hraða efnahagsbata,“ segir Páll Gunnar. „Þetta er kjarninn í sameiginlegri stefnu norrænna samkeppnisfyrvalda, sem kynnt var hér á landi um miðjan síðasta mánuð.“

Í skoðanakönnun sem unnin var í sumar fyrir SE telja 78 prósent stjórnenda fyrirtækja og 91 prósent almennings að veita þurfi fyrirtækjum og opinberum aðilum meira samkeppnislegt aðhald.

Páll Gunnar segir að SE muni halda áfram að tala



FORSTJÓRAR FUNDA Forstjórar norrænu samkeppnisstofnanna eru sammála um að efla þurfi eftirlit í kreppu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir eflingu þess. „Það hvernig úr þessu fjármagni spilast verður síðan að koma í ljós,“ segir hann um mannahald og hugsanlegar uppsagnir vegna niðurskurðarins.

- shá

SPARAÐU!

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR **9. OKTÓBER**



Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900 kr.**

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins **5.900 kr.**

Priggja forsýninga Forskotskort í Kassann kostar aðeins **3.000 kr.**

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á leikhusid.is





ENGINN FER EINN Í GEGNUM LÍFIÐ

HINN markaðssamskipti / SÍA

Í 60 ár höfum við styrkt tugi þúsunda Íslendinga

Happdrætti SÍBS fagnar sextíu ára starfi sem byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þá sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

40 milljónir
í hverjum
mánuði 2009

HAPPDRAETTI

60 ára



... fyrir lífið sjálft



35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.

GENGIÐ 05.10.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	124,14	124,74
	Sterlingspund	197,96	198,92
	Evra	181,57	182,59
	Dönsk króna	24,388	24,53
	Norsk króna	21,518	21,644
	Sænsk króna	17,664	17,768
	Japanskt jen	1,3798	1,3878
SDR		196,1	197,26
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		221,5565	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Nóbelsverðlaunavikan hafin: Áttuðu sig á starfi litninga

SVÍÐJÓÐ, AP Þrír Bandaríkjamenn fá Nóbelsverðlaunin í læknisfræði í ár fyrir að hafa fundið



ELIZABETH H. BLACKBURN

skýringar á því hvernig litningar halda sér óskóðduðum þegar frumur skiptast. Verðlaunahafarnir eru Elizabeth H. Blackburn, Carol W. Greider og Jack W. Szostak, en þetta er í fyrsta sinn sem tvær konur eru meðal verðlaunahafa í læknisfræði.

Verðlaunin verða afhent í Stokkhólmi hinn 10. desember. Í dag verður tilkynnt hverjir fá Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði, á morgun efnafræði, á fimmtudag í bókmenntum og á föstudag hverjir hljóta friðarverðlaunin í ár.

Menntamálanefnd Alþingis: Fer yfir málefni Ríkisútvarpsins

ALÞINGI Málefni Ríkisútvarpsins (RÚV) verða til umræðu á fundi menntamálanefndar Alþingis í dag.

Fer fundurinn fram í húsa-kynnum RÚV í Efstaleiti að frumkvæði stjórnenda.

„Okkur var boðið í Ríkisútvarpið til að kynna okkur málin og þáðum það,“ segir Oddný Harðardóttir, formaður menntamálanefndar. Boðið sé kærkomið þar sem flestir nefndarmenn séu nýkjörnir alþingismenn.

„Við fáum væntanlega kynningu á starfseminni og vandamálunum; því sem gengur vel og því sem gengur illa,“ segir Oddný.

Ákveðið að sameina ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála eftir nokkurt volk:


Risavaxið velferðarráðuneyti í smíðum

STJÓRNMÁL Sá ráðherra sem mun stýra nýju velferðarráðuneyti – sameinuðu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti – mun fara með forræði yfir rúmlega helmingi þess fjár sem ætlaður er öllum ráðuneytum samtals.

Í ráði er að sameina ráðuneytin tvö í velferðarráðuneyti. Samkvæmt tilkynningu frá forsætisráðuneytinu í síðustu viku verður hafist handa við verkefnið á næsta ári.

Ekki er gott að segja hvort ríkisstjórnin hefur áformað þessa sameiningu lengi því í stjórnarsáttmálanum frá í maí segir bæði að ekki standi til að sameina ráðuneytin og, að þau verði sameinuð.

- bps



Leggja varðskipi og þyrlufækkun rædd

Nýtt varðskip kemur í apríl en niðurskurður á fjárlögum næsta árs þýðir að líklega þarf að leggja öðru af gömlu varðskipum Gæslunnar, Tý eða Ægi. Til greina kemur að annarri leigubýrlunni verði skilað, sem veikir flugsveitina enn.

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslan fær ekki viðbótarfjárveitingu til að reka nýtt varðskip sem er væntanlegt til landsins í apríl. Til greina kemur að reka aðeins tvær þyrlur í stað þriggja sem myndi þýða enn frekari veikingu á flugsveitinni frá því sem nú er.

„Það er ljóst að við gerum ekki út þrjú varðskip,“ segir Sólmundur Már Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. „Við tökum nýja skipið í rekstur sem þýðir að við leggjum frekar Tý eða Ægi eða drögum verulega úr úthaldi á þeim.“ Þegar ákvörðun var tekin um byggingu nýja varðskipsins ætlaði LHG að reka öll skipin þrjú. Þjálfun nýrrar áhafnar, 25 til 30 manna, átti að fara fram á þessu ári en ljóst var fyrir nokkru að það gengi ekki eftir. Þvert á móti hefur starfsmönnum verið fækkað um þrjátíu á stuttum tíma og við aðhaldsaðgerðir síðasta árs hefur úthaldsdögum varðskipa verið fækkað um þriðjung og flugtímum um fjórðung. Með því að reka aðeins tvö skip sparast um 250 milljóna króna rekstrarkostnaður eins varðskips.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra skipaði nýlega nefnd sem á að taka stefnumarkandi ákvarðanir varðandi þjónustu LHG með hliðsjón af samdrætti í fjárframlögum. Sú vinna á að ganga hratt en nefndin hefur þó ekki komið saman enn þá. Sólmundur segir að innan LHG séu margar sparnaðarhugmyndir ræddar en niðurstöðu nefndarinnar, sem á að horfa þrjú til fimm ár fram í tímann, sé beðið með nokkurri óþreyju.



SIJÓSETNING Í CHILE Hinn nýi Þór er eitt fullkomnasta varð- og björgunarskip heims. MYND/LHG

Ein þeirra hugmynda sem Sólmundur vísar til er að fækka björgunarþyrlum úr þremur í tvær. „Það myndi ekki fækka flugtímum en flugsveitin er viðkvæmari ef kemur til bilana. Þá fjölgar dögum þar sem bara ein vél er til taks, en hafa ber í huga að við erum með þrjár þyrlur til að hafa alltaf tvær tiltækar.“

Vegna fækkunar í þyrlusveitinni á þessu ári er aðeins ein þyrla starfhæf hluta úr hverjum mánuði. Þetta hefur verið gríðarlega

umdeilt. Ekki síst þar sem björgunargeta einnar þyrlu er aðeins tuttugu mílur frá landi.

Aðeins ein þyrla er í eigu þjóðarinnar, TF-LÍF, og tvær þyrlur eru leigðar. Kostnaður við leigubýrlurnar er hátt í milljarður á ári eða ríflega þriðjungur af fjárframlögum LHG árið 2010. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveitingar lækki um 219 milljónir að raungildi og er fjárveitingin alls 2.783 milljarðar króna.

svavar@frettabladid.is



VERÐLAUNUÐ Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti Selmu Kristjánsdóttur (til vinstri) evrópumerkið.

Verðlaun á tungumáladegi: Læra íslensku á því að spila spil

MENNTAMÁL Selma Kristjánsdóttir, hönnuður Íslenskuspilsins, fékk evrópumerki á evrópska tungumáladeginum nýverið. Spilið þjálfar íslenskuþekkingu fullorönnna útlendinga og hjálpar þeim að kynna og þar með aðlagast íslensku samfélagi.

Evrópski tungumáladagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur hér á landi síðustu árin, og er þetta í sjöunda skipti sem evrópumerkið er veitt þennan dag.

Í umsögn dómnefndar segir að spilið reyni á margs konar færni í íslensku. Það er hannað af Selmu á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga.

- bj

Nýjar tölur frá lögreglunni: Umferðarslys- um fækkar

LÖGREGLA Slys í umferðinni fyrstu átta mánuði ársins eru 26 prósentum færri en á sama tíma í fyrra samkvæmt tölum umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Umferðaróhöppum þar sem ölvun kemur við sögu hefur fækkað úr 128 árið 2008 í 94 á þessu ári. Lögreglan telur að það gefi vísbendingar um fækkun slíkra brota almennt. Óhöppum sem tengjast fíkniefnaneyslu fjölgar hins vegar úr 22 í 33 á sama tímabili. Kærum vegna slíkra brota fjölgar umtalsvert.

☆ Í dag er spáð 29°C hita á Tenerife

SUMAR FERÐIR

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	27°
Amsterdam	19°
Basel	27°
Berlin	18°
Billund	18°
Eindhoven	21°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	20°
New York	22°
Orlando	33°
Ósló	7°
Paris	22°
Róm	26°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

LÍTID UM ALVÖRU HLÝNDI

Fólk spyr talsvert um það þessa dagana hvort ekki fari að hlýna. Nú er það alltaf afstætt hvað mönnum finnst hlýtt og kalt en tilfellið er að víðast er frostlaust á láglendi að deginum þó frysti að næturlagi. Ég á þó von á að hitinn fari næstu daga hvergi yfir sex gráður og því má kannski segja að lítið sé um alvöru hlýndi þessa dagana.

Á MORGUN 5-13 m/s stífastur vestan til.

FIMMTUDAGUR 5-13 m/s hvasast sunnan og vestan til.

Hver ætlar að stórlækna símreikninginn sinn?



Í **Vodafone Gull** setur þú saman hagkvæmustu leiðina fyrir þitt heimili og sparar þannig stórfé í hverjum mánuði. Skiptu strax í dag og fáðu aukinn ávinning og fríðindi fyrir þitt heimili.

Komdu í ört stækkandi hóp Gull viðskiptavina

Hringdu í **1414** eða komdu við á **vodafone.is** og byrjaðu að spara

Vodafone Gull – það besta sem við bjóðum



KJÖRKASSINN

Verður árið 2010 erfiðara Íslendingum en árið 2009?

JÁ	82,2%
NEI	17,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á forsetaembættið að birta opinberlega tvö bréf forsetans til sjeiksins Al Thani?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

6FRÉTTABLAÐIÐ6. október 2009ÞRIÐJUDAGUR

Bjarni Benediktsson boðar efnahagsáætlun sem leiði Ísland út úr kreppunni:

Geta bætt stöðuna um 80 milljarða

ALPINGI

Í landinu ríkir ekki aðeins efnahagskreppa heldur líka stjórnarkreppa, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Líf stjórnarinnar hengi á blápræði og hún væri ekki starfhæf. Það sýndu ýmsir atburðir síðustu daga, til dæmis að iðnaðarráðherra hefði ekki verið kunnugt um fyrirhugaða skattlagningu orku- og auðlinda og afsögn Ögmundar Jónassonar. Bjarni boðaði að Sjálfstæðisflokkurinn myndi á næstu dögum kynna efnahagsáætlun sem feli í sér „markvissar tillögur sem munu leiða Ísland út úr kreppunni nái þær fram að ganga“.

Þær myndu koma sér vel fyrir

fólkið og fyrirtækin og bæta afkomu ríkissjóðs um allt að 80 milljarða strax á næsta ári.

Í þeim felst meðal annars að ryðja úr vegi hindrunum fyrir nýfjárfestingum í orkufrekum iðnaði, að súr-efni verði veitt til atvinnulífsins, að breyta skattlagningu lífeyrisgreiðslna, afnema gjaldeyrishöftin strax, lækka stýrivexti og endurskoða efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Bjarni boðaði harða andstöðu flokks síns við fyrirhugaðar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar enda væru þær gróf aðför að heimilunum og fyrirtækjunum í landinu.

- bps

BJARNI BENEDIKTSSON Formaður Sjálfstæðisflokksins segir að á næstu dögum muni flokkurinn kynna nýja efnahagsáætlun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- sh

Þráinn Bertelsson:

Icesave ekki brýnasta verkið

ALPINGI

Lausn Icesave-málsins er ekki og má ekki vera brýnasta verkefni íslenskra stjórnvalda, sagði Þráinn Bertelsson, utan flokka, í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. Mun brýnna sé að bjarga íslensku þjóðinni úr þeim vanda sem hún er í.

Hann mæltist til þess að Icesave-samningunum yrði hafnað og Frakkar eða Þjóðverjar fengnir til að miðla málum í deilunni. Þá gagnrýndi hann niðurskurð í framlögum til eldri borgara og öryrkja og kvikmyndasjóðs, og útpanda utanríkisþjónustu.

NÝ ÚTGÁFA af rúðupurrkum frá TRICO

TRICO

Rúðupurrkur

NeoForm. Ný þurrkublöð frá Trico

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR
BÓKARA!

Grunnnám í bókhaldi

Markmið námskeiðsins er að þjálfra fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

108 stundir - Verð: 99.000.-
Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-
Morgunnámskeið byrjar 2. nóvember.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. nóvember.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Víða jákvæð teikn

Forsætisráðherra reyndi að tala kjark í þjóðina í stefnuræðu sinni í gærkvöldi. Icesave-málið þyrfti nauðsynlega að leysa en það væri ekki stærsta vandamálið.

ALPINGI

„Allt í kringum okkur eru jákvæð teikn úr atvinnulífi, menningu, félagsstarfi og stjórnsýslu sem ættu að örva okkur og hvetja,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni í gærkvöldi. „Jákvæð teikn um samtakamátt, samheldni, áræði og dugnað sem áður en langt um líður mun skila okkur breyttu og betra samfélagi.“

Jóhanna sagði þjóðina hafa staðið sig betur en svörtustu spár gerðu ráð fyrir og að afrek hefðu verið unnin við að halda hlutunum gangandi.

Um Icesave-málið sagði Jóhanna kalt hagsmunamat segja sér að við ættum ekki annarra kosta vól en að gera upp reikningana. „Ef við viljum ekki einangrast sem þjóð og loka öllum samskiptaleiðum við alþjóðasamfélagið þá er okkur nauðugur einn kostur að leiða Icesave-málið til lykta.“ Þeir sem hrópi hæst og þjóði aðrar lausnir stefni hagsmunum almennings í hættu.

Hallarekstur ríkissjóðs og tæknilegt gjaldþrot Seðlabankans vegna afskrifta lána til fallinna fjármálafyrirtækja eru að mati Jóhönnu stærri vandamál en Icesave. Sársaukafullar og harkalegar aðgerðir í fjárlagafrumvarpinu séu óhjákvæmilegar. Hún sagði skuldir ríkisins vaxa úr rúmum 300 milljörðum árið 2007 í rúma 1.700 milljarða á næsta ári. Þær skuldir hefðu hvorki með Icesave né Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að gera. Þeir sem héldu því fram væru að blekkja fólk. „Það er sama

hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er eða fer, sama hvort við borgum Icesave eða ekki. Við verðum að draga mjög hratt úr hallarekstri og skuldasöfnun ríkisins,“ sagði Jóhanna og boðaði breytingar á skattkerfinu til að auka jöfnuð og réttlæti í samfélaginu.

Hún sagði erfiða tíma fram undan þar sem glímt verði við uppgjör, endurreisn og uppstokkun og að ríkisstjórn hennar hefði lagt fram stefnu og áætlun sem mun leiða landsmenn út úr vandanum.

bjorn@frettabladid.is

NOKKUR ORÐ JÓHÖNNU

Svona oft nefndi hún tiltekin orð

Lán	6
Seðlabanki	4
Evrópusambandið	2
Icesave	9
Skattar	3
Þjóðin	7
Skuldir	7
Jafnrétti	0
Ísland	9
Stóriðja	0
Heimilín	2
Ögmundur Jónasson	0

SAGA AGS LÖNG OG SKELFILEG

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Því fyrr sem samstarfi Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) lýkur því betra, sagði Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna og menntamálaráðherra, í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra.

AGS á sér langa og skelfilega sögu, og hefur sjóðurinn til dæmis verið gagnrýndur harðlega fyrir að koma orkuauðlindum þróunarlanda þar sem hann hefur komið að uppbyggingu í eigu erlendra aðila, sagði Katrín. Stundum þurfi þó ekki AGS til, eins og dæmi um sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í HS Orku til kanadísks orkufyrirtækis sýni.

Katrín sagði harkalegan niðurskurð ekki eiga að koma neinum á óvart. Íslendingar verða að greiða niður skuldir, ljúka samningum um Icesave, og byggja upp bankaana. Þá verði að undirbúa næstu bankakreppu, til dæmis með því að styrkja regluverkið um fjármálastofnanir.

- bj

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

ríkisstjórnin að leggja byrðar vegna Icesave á þjóðina, haldi háu vaxtastigi, og ráðast í eyðileggjandi niðurskurð án framtíðarsýnar. Að lokum boði hún stórfelldar skattahækkanir á fjölskyldur og fyrirtæki, þegar einfalt reikningsdæmi sýni að fjölskyldur og fyrirtæki sem rétt nái að skrimta muni ekki standa undir auknum skattgreiðslum í ríkissjóð.

Kjarni vandans er að Ísland er í skuldakreppu, en ef lítið er fram hjá skuldastöðu heimilanna, fyrirtækjanna og ríkisins er staða landsins nokkuð góð, sagði Sigmundur Davíð.

Hann benti á að afforganir og vaxtagreiðslur séu það sem sliga muni landið, Ísland framleiði og flytji út meira en flutt sé inn. Væri Ísland fyrirtæki í eigu íbúa landsins væri staða þess fyrirtækis góð, utan við skuldastöðuna.

- bj

STÖNDUM EKKI UNDIR HÆKKUNUM

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Ríkisstjórnin gerir öfugt við það sem hún á að gera, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. Þannig ætli

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

þjóðin mun sligast undan vaxtagreiðslum verði sú leið farin sem stjórnvöld vilja fara, sagði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra.

Birgitta sagði stjórnvöld ekki hafa bent á nokkrar leiðir til að leiðrétta það óréttlæti sem almenningur hafi orðið fyrir vegna hrunsins. Ekki sé hægt að ætlast til þess að fólk axli auknar byrðar þegar ekki sjái til lands.

Bretar lýstu yfir stríði við Ísland þegar þeir settu landið á lista með hryðjuverkaþjóðum, sagði Birgitta. Þannig hafi bresk stjórnvöld beitt Ísland hryðjuverkum. Stjórnvöld á Íslandi verði að átta sig á því að Ísland sé nú í miðju efnahagsstríði, og í slíkum aðstæðum sé ekki hægt að svara kröfum Breta og Hollendinga með kurteisí. Skilmálum þeirra verði að hafna, viðbrögð Bretlands og Hollands við sanngjörnum fyrirvörum Alþingis við Icesave undirstriki yfirgang þeirra.

- bj




ÞÚ GÆTIR GRÆTT ENNÞÁ MEIRA Í DAG

**ÞEIR SEM SKRÁ SIG Í DAG GETA UNNIÐ FLUG TIL BANDA-
RÍKJANNA EÐA EVRÓPU OG SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA**

Til að fagna frábærum viðtökum við **Sparitilboði N1** bjóðum við óvæntan glaðning. Þeir sem skrá sig í dag, þriðjudaginn 6. október, **fara í sérstakan lukkupott**. Við drögum út tvo flugmiða **með Icelandair**, einn til **Bandaríkjanna** og annan til **Evrópu** og 20 gómsæta **sushibakka frá Osushi** að auki.

Kynntu þér **Sparitilboðið á n1.is**, reiknaðu dæmið fyrir þig og bílinn þinn og **skráðu þig**. Þú gætir sparað tugi þúsunda og fengið óvæntan glaðning í leiðinni.





FISKFÉLAGIÐ KYNIR

The Fishcompany

VIÐ ATLUNAD GERA ÞÉR TILBOÐ SEM ÞÚ GETUR FRIÐ NÁÐAÐ

DAGANA 8.—19. OKTÓBER VERÐA ÍTALSKIR DAGAR HJÁ OKKUR Á FISKFÉLAGINU OG AF ÞVÍ TÍLEFNI HAFA KOKKARNIR OKKAR ÚTBÚIÐ FERÐALAG BRAGÐLAUKANNA UM ÍTALÍU. FJÖGURRA RÉTTA MATSEÐILL MEÐ SÉRVÖLDU ÍSLENSKU HRÁEFNI, KRYDDAÐ MEÐ KEIM AF BORGinni EILÍFU.

Grófarborg - Vesturgata 2a - 101 Reykjavík - Ísland - S: +354 522 5300 - www.fiskifelagid.is - info@fiskifelagid.is

Raforkuverð

til stóriðju og til almennings

Morgunverðarfundur

miðvikudaginn 7. október
Háteig, Grand Hótel Reykjavík

Í nýrri skýrslu AtvinnuLífsins Skóla er fjallað um raforkuverð á Íslandi 1997 – 2008 og áhrif aukinnar raforkusölu til orkufreks iðnaðar á raforkuverð á almennum markaði. Skýrslan verður kynnt og rædd á fundinum.



Jóhannes Geir Sigurgeirsson



Jón Þorvaldur Heiðarsson



Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Dagskrá:

08:00 Morgunverður

08:30 Fundur hefst

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri ALS, kynnis skýrslu

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri, fjallar um málefnið.

Umræður

09:30 Fundarlok

Fundarstjóri:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, alþingismaður

Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis, en nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 588 4430 eða með tölvupósti til the@samorka.is



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Olíuskip sigla við strendur landsins án þess að tilkynna um ferðir sínar:

Risaskip á siglingu við landið

ÖRYGGISMÁL Síðustu daga hafa óvenju stór olíuskip átt leið um íslensku efnahagslögsöguna á siglingu frá Rússlandi til Bandaríkjanna. Skipin eru Atlas Voyager og Nevskiy Prospect, bæði um 62 þúsund brúttótonn, 249 metrar að lengd, og með yfir hundrað þúsund tonn af hráolíu innanborðs. Hvorugt skipanna lét vita af ferðum sínum eins og lögboðið er.

Atlas Voyager sigldi vestur fyrir land en Nevskiy Prospect stefnir ekki fjarri ströndum við SA-land. Vaktstöð siglinga fékk tilkynningar um siglingu skipanna frá skipaefirlitsstöðinni Vardo VTS í Norður-Noregi. Skipin sendu ekki

tilkynningar um siglingu innan hafsvæðisins eins og lög og reglur gera ráð fyrir og var því haft samband við þau.

Hvorugt skipið taldi sig þurfa að tilkynna siglingu til vaktstöðvarinnar en eftir að haft var samband við skipin sendu þau nauðsynlegar upplýsingar. Vegna misbrests á tilkynningum til stjórnstöðvar frá þessum olíuskipum verður haft samband við siglingaumferðarmiðstöðina í Vardö og áréttað að skip sem þessi sendi tilkynningar tímanlega um komur sínar inn í íslenska lögsögu.

Nokkrar áhyggjur vöknudú hjá LHG vegna siglingar Atlas Voyag-



ATLAS VOYAGER Skipið er 249 metrar að lengd. Fótboltavellir eru um hundrað metrar á lengd. MYND/LHG

er vestur fyrir land því veður var afleitt og hafís á svæðinu. Grannt er fylgst með skipunum í eftirlitsbúnaði stjórnstöðvarinnar enda afar viðkvæmur farmur um borð, segir í frétt á vef LHG. - shá

Færeyingar taka yfir Vörð tryggingar

Føroya banki hefur eignast 51 prósent hlut í Verði tryggingum hf. fyrir 1.150 milljarða króna. Fyrri eigendur voru „vel opnir“ fyrir því að selja. Kaupin eru hluti af útrás bankans á tryggingamarkaði. Hugað er að frekari landvinningum.

VIÐSKIPTI Føroya banki hefur eignast ráðandi hlut í tryggingafélaginu Verði. Skrifað var undir samninga þar að lútandi í gærmorgun.

Føroya banki hefur síðan í vor stefnt á að láta til sín taka á tryggingamarkaði hér, en viðræður um kaup á Verði hafa staðið frá því í sumar. Að sögn Kjartans G. Gunnarssonar, stjórnarformanns Varðar, átti færeyski bankinn frumkvæði að viðræðunum. Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans (NBI), segir hins vegar að eigendur Varðar hafi verið „vel opnir“ fyrir því að fleiri kæmu að félaginu.

Samkvæmt samkomulaginu auka Føroya banki og núverandi hluthafar Varðar, SP-fjármögnun, sem áður átti 49 prósent hlut, Landsbankinn (NBI) sem átti rúm 24 prósent og Byr sparisjóður sem átti tæp 25 prósent, hlutfélagssins um 700 milljónir króna. „Með kaupum á hlutfélag af núverandi hluthöfum fyrir 550 milljónir króna og 600 milljóna króna hlutfjáráukningu nemur fjárfesting Føroya banka samtals 1.150 milljónum króna. Eignast bankinn þannig 51 prósent hlut í Verði og verður félagið dótturfélag Føroya banka,“ segir í tilkynningu Varðar.

Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlits hér, í Danmörku og Færeyjum, auk Samkeppniseftirlitsins. Á kynningu Varðar í gær kom fram að með aðkomu Føroya banka uppfylli Vörður nú gjaldþolskröfur þær sem lagðar eru á tryggingafélög, en eftir kaupin nemur eigið fé Varðar um 1.300 milljónum króna. Þá kom fram í máli Guðmundar J. Jónssonar, forstjóra Varðar, að



Á KYNNINGU HJÁ VERÐI Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, Janus Petersen, bankastjóri Føroya banka, Kjartan G. Gunnarsson, stjórnarformaður Varðar, Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans (NBI) og Guðmundur J. Jónsson, forstjóri Varðar, kynntu aðkomu færeyska bankans að tryggingafélaginu á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



JANUS PETERSEN Bankastjóri Føroya banka segir að fyrsta kastíð einbeiti bankinn sér að tryggingarekstri hér, en hugað sé að frekari útrás á Norðurlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hagnaður hafi verið á rekstrinum fyrstu níu mánuði ársins.

Við horfðum til fleiri félaga, en áttum ekki viðræður við aðra en Vörð,“ segir Janus Petersen,

bankastjóri Føroya banka. Hann segir að bankinn einbeiti sér að tryggingarekstri hér, ekki séu uppi fyrirætlanir um almenna bankastarfsemi. Þá segir Janus að Vörður hafi hentað bankanum best, bæði vegna stærðar og stöðu á markaði. „Félagið er jafnstórt Trygd, tryggingafélagi okkar í Færeyjum. Svo sjáum við líka hag í samstarfinu við aðra banka á Íslandi,“ segir hann.

Í kynningu sinni sagði Janus Petersen Føroya banka stefna á frekari útrás og vöxt á Norðurlöndum, en þar horfi bankinn helst til Íslands og Danmerkur. Føroya banki er næststærsta félag Kauphallarinnar hér og einn af 10 verðmætustu bönkum Evrópu.

olivr@frettabladid.is

Ungur maður sprengdi sig í húsakynnum Sameinuðu þjóðanna og drap fimm:

Sagðist vilja komast á salerni

PAKISTAN, AP Fimm manns létu lífið þegar sjálfsvígarsárarmaður sprengdi sig í anddyri höfuðstöðva matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Islamabad í gær.

Í beinu framhaldi var öllum skrifstofum Sameinuðu þjóðanna í Pakistan lokað um óákveðinn tíma. Amjad Jamal, talsmaður matvælastofnunarinnar, sagði þó að hjálparstarfi á vegum hennar í Pakistan verði haldið áfram, þrátt fyrir að skrifstofurnar verði lokaðar.

Maðurinn var á þrítugsaldri, klæddur sem öryggisvörður og komst inn í húsið þrátt fyrir stranga öryggisgæslu. Hann spurði verði hvort hann mætti fara inn til að komast á klósett.

Á öryggismyndavélum má sjá að í annarri hendi hélt hann á hálfis metra löngum sívalning, sem hugsanlega var kveikjubúnaður fyrir sprengjuna. Rehman Malik innanríkisráðherra segir hann hafa verið með átta kíló af sprengiefni á sér. Venjulega fær enginn að fara inn í byggingar Sameinuðu þjóðanna í Islamabad án þess að leitað sé á þeim.

„Það varð heljarsprenging og eitthvað skall í mig. Ég féll á gólfið og það blæddi úr mér,“ sagði Adam



VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR MATVÆLASTOFNUNAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Sjálfsvígarsárar kostaði fimm manns lífið. NORDICPHOTOS/APP

Motiwalla, upplýsingafulltrúi skrifstofunnar. Hann var fluttur á sjúkrahús með meiðsli á höfði, fæti og rifbeinum.

Nokkrir aðrir særðust illa, þar af tveir lífshættulega. - gb



Í DAG ER
OFURDAGUR
BENSÍNORKUNNAR
-5 kr.

af eldsneytislítranum á öllum
stöðvum fyrir handhafa
Orkulykla

Fáðu þér
lykil að
sparnaði

Alltaf
2 kr.
afsláttur

Pantaðu nýja Orkulykilinn á www.orkan.is eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér
að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af
eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á www.orkan.is



Spáðu í hvað þú sparar!



VINKONA KNÚTS Hún Giovanna, sem undanfarna daga hefur dvalið hjá Knúti, hinum heimsþekta hvítabirni í dýragarðinum í Berlin, stóð upp á endann og hélt um höfuð sér eins og eitthvað óvænt hefði komið fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

Erlendur Hjaltason lætur af formennsku Viðskiptaráðs Íslands:

Seta áfram hefði getað rýrt traustið

VIÐSKIPTI Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, varaformaður Viðskiptaráðs, hefur tekið við formennsku í ráðinu fram að aðalfundi þess í febrúar 2010.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu, sem gegnt hefur formennskunni í fjögur ár, kunngerði ástæður afsagnar sinnar í bréfi til stjórnar ráðsins. Þar áréttar hann viðleitni sína til að byggja upp Viðskiptaráð og haga störfum í anda góðra viðskiptahátta og að þau væru „um leið lóð á vogarskálar þeirrar virðingar sem Viðskiptaráð þarf að njóta“.

Um leið kemur fram að störf Erlends fyrir Existu geri að verk-



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON



ERLENDUR HJALTASON

um að honum sé ekki lengur sætt sem formaður Viðskiptaráðs, jafnvel þótt hann telji ekki að störf hans á þeim teltvangi eða öðrum hafi farið gegn hagsmun-

um eða orðsperi Viðskiptaráðs.

„Þegar tortryggni á endurskipulagningarferli Existu hefur hins vegar verið mögnuð upp með þeim hætti sem raun ber vitni hlýt ég þó að horfast í augu við þá staðreynd að formennska mín í Viðskiptaráði gæti rýrt traust ráðsins,“ segir Erlendur í bréfinu, sem dagsett er annan þessa mánaðar.

Hann bendir á að Viðskiptaráð Íslands komi til með að gegna afar mikilvægu hlutverki í þeirri efnahagslegu endurreisn sem biði íslensks samfélags. „Þá skiptir trúverðugleiki þess og traust miklu máli.“

- óká

Bráðabirgðatölur Hagstofu:

Lítill afgangur af vöruskiptum

EFNAHAGSMÁL Vöruskipti við útlönd voru hagstæð um þrjá milljarða króna í september samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Útflutningur nam tæpum 43,8 milljörðum og innflutningur 40,7 milljörðum. „Mánaðarsveiflur í álútflytningi og ýmsum innflutningsliðum eru líklega meginástæða óvenju lítils afgangs af vöruskiptum í síðasta mánuði,“ segir í morgunkorni Greiningar Íslandsbanka. Meðal þess sem Hagstofan vísar til er herra verð á innfluttu eldsneyti, hrá- og rekstrarvöru og neysluvöru, utan mat- og drykkjarvöru.

- óká

Innflytjendur geta flýtt efnahagsbata

Höfundar nýrrar þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna segja heimskreppuna vera gott tækifæri fyrir ríki heims til að gera víðtækar endurbætur á lögum um innflytjendur. Munur milli auðugra og fátækra ríkja er enn gríðarlega mikill.

TAÍLAND, AP „Þegar heimskreppan er liðin hjá vex á ný spurn eftir innflytjendaverkamönnum og þess vegna er það skammsýni að afneita því hagræði sem er að innflytjendum,“ segir Jeni Klugman, aðalhöfundur nýrrar þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna. „Einkum á krepputímum ættu menn að hraða umræðu um og endurbótum á innflytjendastefnu.“

Höfundar skýrslunnar hvetja ríki heims til að líta á kreppuna sem tækifæri til þess að auðvelda innflytjendum lífið og hvetja til fólksflutnings milli landa. Það komi bæði til góða innflytjendunum sjálfum, löndunum sem þeir flytja frá og löndunum sem þeir flytja til.

„Nú er ekki rétti tíminn fyrir verndarstefnu sem andsnúin er innflytjendum, heldur fyrir umbætur sem til lengri tíma litið verða til hagsbóta. Það þarf hugrekki til að sannfæra almenning um þetta.“

Ekki er þó hvatt til þess að fólksflutningar verði gefnir algerlega frjálsir, þar sem íbúar á hverjum stað eigi rétt á því að ráða sínu eigin umhverfi og örlögum. Hins vegar sé mikilvægt að styrkja mannréttindi innflytjenda og draga úr mismunun gegn þeim.

Í skýrslunni eru leiðréttar ýmsar ranghugmyndir sem algengar eru um innflytjendur og áhrif þeirra. Til að mynda er það ekki rétt að flestir innflytjendur fari frá fátækum löndum til ríkra, heldur er mun algengara að fólk flytji til nágrannalanda sinna sem eru á svipuðu róli efnahagslega. Um það bil þrjátíu prósent allra inn-



INNFLYTJENDUR Í TAÍLANDI Verkamann frá Búrma hvíla sig stundarkorn.

NORDICPHOTOS/AFP

flytjenda flytja frá þróunarlöndum til auðugra landa. Sem dæmi má nefna að aðeins þrjú prósent Afríkumanna búa utan fæðingarlands síns.

Þróunarskýrslan er gefin út árlega á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni er lagt mat á velferð íbúa í öllum ríkjum heims og er þá ekki aðeins miðað við þjóðarframleiðslu heldur er einnig tekið mið af lífslíkum, menntun og læsi.

„Þrátt fyrir að miklar framfarir hafi orðið víðast hvar í heiminum undanfarinn aldarfjórðung er enn allt of mikill munur á velfarnaði fólks í ríkum og fátækum löndum,“ segir í skýrslunni.

Verst settu löndin eru Níger, Afganistan og Síerra Leóne, en best sett eru Noregur, Austurríki og Ísland. Í skýrslunni er byggt á tölum frá árinu 2007, þannig að áhrif kreppunnar eru ekki reiknuð inn í dæmið. gudsteinn@frettabladid.is

fyrir allar dætur

ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini



Ert þú með viðskiptahugmynd?

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námskeiðið hefst 24. október.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma 522 9000 og á vefsíðu okkar www.nmi.is.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Impra

- Ármann Þorvaldsson í viðtali: „Bretarnir vildu ekki bjarga okkur.“
- Hvar eru galdrakarlarnir í OZ?

Markaðurinn

Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði

Næsta blað kemur út á morgun





Boðið er upp á
fjarkennslu
í flestum okkar
námskeiðum

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin.

- Photoshop CS4
- Illustrator CS4
- InDesign CS4

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)
Kvöldnám hefst 29. október. Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-



Vefsíðugerð

Ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun. Kennt er á Photoshop og Dreamweaver. Kennt er tvisvar í viku. Morgun og kvöldbekkir. Hefst 12. okt. Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,-

Einföld myndbandavinnsla

Grunnnámskeið fyrir fólk á öllum aldri sem vill læra betur á videotökuvélina og flytja videomyndir yfir í tölvuna til frekari vinnslu og varðveislu. Klippingar, hljóð og effektar og innsetning texta. Vistun og yfirfærsla á DVD og Netið. Unnið er í Movie Maker. Kennt er þrjú kvöld, 20. okt., 22. okt. og 27. okt kl. 18:00 – 21:30. Verð kr. 21.000,-

Stafrænar myndavélar og Picasa

Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir byrjendur. Helstu stillingar myndavéla. Yfirfærsla úr vél í tölvu og skipulag myndasafns. Einfaldar lagfæringar mynda, heimaþrentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, myndir brenndar á diska ofl. Þátttakendur læra að nota Picasa forritið. Kennt er þrjú kvöld, 20. okt., 22. okt. og 27. okt kl. 18:00 – 21:00. Verð kr. 15.000,-

Viðskiptagreinar

- Bókhald 1** Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 12. okt.
- Bókhald 2** Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-
- Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)** Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 9. nóv.
- Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,- Hefst 2. des.

Almenn tölvunámskeið



Tölvunám byrjenda

Námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri. Á þessu námskeiði er tekið fyrir allt það sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tövu. Tölvugrunnur, Netið og tölvupóstur. Hefst 12. okt. og lýkur 5. nóv. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga. Morgun og kvöldbekkir. Verð kr. 39.000,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt, þekkingu og hraða í allri tölvuvinnslu.

- Windows tölvugrunnur og skjalvarsla
- Word 2007
- Excel 2007
- Internet og Outlook 2007

Hefst 13. okt. og lýkur 17. nóv. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga. Morgun og kvöldbekkir. Verð kr. 49.000,-



Sérfræðinám

Cisco Certified Network Associate

CCNA gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum. Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Námið hefst 20. Okt. Og lýkur 10. Des.



Windows 7 – Þekkingaruppfærsla

Um er að ræða þriggja daga námskeið þar sem farið er í allar helstu nýjungar í Windows 7. Námskeiðið er eins konar uppfærslunámskeið fyrir þá sem þekkja vel Windows XP. Byrjar 26. Okt og lýkur 6. Nóv.

Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Ritvinnsla í Word 2007	21	15. okt	27.000,-
Excel 2007 grunnur	21	29. okt	27.000,-
Excel frh	14	19. okt	27.000,-
Outlook 2007 póstur og skipulag	10	12. nóv	15.000,-
Photoshop myndvinnsla	21	12. okt	27.000,-
Dreamweaver vefsíðugerð	26	26. okt	29.000,-
Illustrator CS4	31	17. nóv	44.000,-



Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions



EITT ÁR FRÁ HRUNI

Takast á við kreppuna af hagsýni en ósátt við hægagang í endurreisn

Fyrir réttu ári hrundi íslenska efnahagskerfið, sett voru neyðarlög sem veittu ríkinu heimild til yfirtöku bankanna, krónan hrundi og kreppan hófst á Íslandi. Fréttablaðið fór á stúfana og spurði vegfarendur hvað hefði breyst hjá þeim á þessu ári kreppunnar.

Fylgist betur með neyslunni

„Það sem hefur kannski helst breyst hjá mér er að ég hugsa meira út í það í hvað peningarnir fara. Ég er líka hagsýnni í innkaupum og fylgist betur með stöðunni á skuldunum mínum en áður,“ segir Eyrún Jónatansdóttir félagsráðgjafi.



EYRÚN JÓNATANSDÓTTIR

„Litlar breytingar skýrast nú kannski á því að það hefur ekki orðið svo mikil breyting á innkomunni á mínu heimili, ég er enn í sömu vinnunni til dæmis. Það truflar mig svo afar lítið að draga úr utanlandsferðum, ég hef alltaf ferðast mikið innanlands og hélt uppteknum hætti nú í sumar og ferðaðist mikið innanlands.“

Dettur ekki í hug að fara til útlanda

„Árið hefur verið svipað hjá mér og flestum öðrum, það er að segja markað óvissu. Það er biðstaða í þjóðfélaginu og einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að margir séu að sitja hana af sér og halda að sér höndum á meðan. Ég hef aðlagð mitt heimilisbókhald þessari stöðu, en reyndar hef ég alltaf hagað því nokkuð skynsamlega. Mér dettur til dæmis ekki í hug að fara til útlanda núna. Ég vil svo taka fram að það hefur ekki svo mikið breyst hjá mér persónulega, ég hef ekki yfir neinu að kvarta svo sem,“ segir Guðmundur Sigurðsson sem segir stjórnmálamönnum vorkunn að verða að finna leið út úr kreppunni. „Mönnum er vorkunn að þurfa að velja á milli



GUÐMUNDUR SIGURÐSSON

slæmra kosta, þá er ekkert annað í stöðunni en að velja illskásta kostinn. Við hin getum haft endalaugar skoðanir á því hverjum kreppan er um að kenna, en þær breyta ekki núverandi ástandi. Ég veit ekki hvort við værum jafn gagnrýnin ef við þyrftum að taka ákvarðanirnar, ég er ekki endilega hrifinn af því sem verið er að gera en ekki er hægt að gera ekki neitt, þannig komumst við ekki út úr kreppunni.“

slæmra kosta, þá er ekkert annað í stöðunni en að velja illskásta kostinn. Við hin getum haft endalaugar skoðanir á því hverjum kreppan er um að kenna, en þær breyta ekki núverandi ástandi. Ég veit ekki hvort við værum jafn gagnrýnin ef við þyrftum að taka ákvarðanirnar, ég er ekki endilega hrifinn af því sem verið er að gera en ekki er hægt að gera ekki neitt, þannig komumst við ekki út úr kreppunni.“

Tapaði sparifénu

„Það hrundi ýmislegt hjá mér. Ég tapaði mínu sparifé við fall bankanna en ég átti peninga í skulda-



PÁLL KRISTJÁNSSON

bréfum og sér eignarsparnaði. Svo hætti ég að vinna vegna aldurs á þessu ári og er því með minna fé til framfærslu en áður,“ segir Páll Kristjánsson ellilífeyrisþegi. „Ég hef brugðist við þessum breytingum með því að draga verulega úr eyðslu til þess að endar nái saman og kaupi til að mynda öðruvísi inn en áður, kaupi ódýrari vörur. Mér þykir ganga of hægt að endurskipuleggja þjóðfélagið í takt við nýja tíma, tími stjórnmálamanna hefur farið í Icesave og Evrópusambandið og það hefur tafið fyrir framgangi endurreisnar og aðgerðum til stuðnings heimilunum.“

Maðurinn missti vinnuna

„Lífið hefur breyst afskaplega lítið hjá mér,“ segir Védís Ragnheiðardóttir námsmaður. „Afborganir húsnæðislána hafa vissulega hækkað en það er ekkert sem ég ræð ekki við. Ég var í skóla í fyrra og er enn námsmaður. Ég eyði kannski eitt-hvað minna en er ekkert mikið að þæla í þessu enn sem komið er. Þessi vetur verður kannski eitthvað erfiðari en sá í fyrra því að maðurinn minn missti vinnuna og er nú kominn í skóla líka sem þýðir minni tekjur á heimilinu.“



VÉDÍS RAGNHEIÐARDÓTTIR

Allt er hagstæðara

„Ég bý í Svíþjóð þannig að það er orðið miklu hagstæðara fyrir mig að koma til Íslands en áður var,



6. OKTÓBER 2008 Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, svarar spurningum blaðamanna. Alþingi samþykkti neyðarlög sem heimiluðu meðal annars ríkinu að stofna nýja banka og fjármálafyrirtæki eða yfirtaka þau sem fyrir voru.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ég hef komið hingað oftast en vanalega undanfarið ár. Ég vann í Danmörku og græði reyndar einnig á því heima í Svíþjóð því að danska krónan er sterkari þeirri sænsku,“ segir Kristín Björk Samúelsdóttir sjúkraliði. „En ég verð kreppunnar auðvitað vör, neysluvara hefur hækkað í Svíþjóð á síðastliðnum tveimur árum og sérstaklega á því síðasta. Svíar hafa brugðist við þessu með minni neyslu og ferðalögum. Það má segja að þeir hafi verið betur undir kreppuna búnir enda vanir frá tímum þrenginganna í kringum 1990.“



KRISTÍN BJÖRK SAMÚELSDÓTTIR

Kaupi íslenskt

„Ég hef ekkert farið til útlanda eftir að kreppan skall á, en gerði það svo sem ekki mikið áður. Það sem hefur breyst hjá mér er að ég kaupi bara íslenskt núna, áður keypti ég það sem er ódýrast. Annars hefur ótrúlega lítið breyst hjá mér, ég er enn í góðri vinnu, vinn hjá stéttarfélagi þannig að það er bara enn meira að gera en áður var. Maðurinn minn skipti um vinnu, stofnaði fyrirtæki

í kreppunni og það gengur bara vel,“ segir Anna Sigríður Ragnarsdóttir.

„En auðvitað finnur maður fyrir ástandinu í kringum sig og verður dapur og reiður fyrir hönd þeirra sem hafa lent illa í því. Ég þekki nokkra sem hafa misst vinnuna og fá ekkert annað að gera en sem betur fer hafa flestir náð því að finna sér eitthvað nýtt að gera. Það sem mér þykir hins vegar mjög leiðinlegur fylgifiskur kreppunnar er að umræðan er mjög neikvæð, ég er hætt að horfa á Kastljósið, ég bara get það ekki lengur. Ég held að allir þurfi á meiri jákvæðni að halda, það væri notalegt að hafa langa adventu, án þess að kaupæðið fylgdi auðvitað.“



ANNA SIGRÍÐUR RAGNARSDÓTTIR



ANNA SIGRÍÐUR RAGNARSDÓTTIR

fyrir því,“ segir Þorsteinn Ingi Þorsteinsson sjómaður. „En ég finn ekki svo mikið fyrir kreppunni að öðru leyti. Nema hvað umræðan er orðin svaðalega þreytandi, það er alltaf verið að tönnlast á því sama. Held að við þurfum frekar bjartsýni, heiðarleika og ástúð á nýja Íslandi.“

Ekki hægt að miða við 2007

„Það hefur sem betur fer breyst voðalega lítið hjá mér. Ég er reyndar með minn eigin business og verð á efnun sem ég kaupi að utan hefur auðvitað hækkað mjög mikið. En viðskiptin hér heima ganga bara mjög vel og hafa ekki minnkad eins mikið og ég bjóst við, auðvitað er ekki hægt að miða sig við árið 2007, en annars siglir þetta mjög vel,“ segir Birta Björnsdóttir, fatahönnuður og verslunareigandi. „Ég hef lítið breytt mínum neysluvenjum annars, en auðvitað finnur maður rosalega fyrir því hvað það er miklu dýrara að vera í útlöndum nú en áður.“



BIRTA BJÖRNSDÓTTIR

sigridur@frettabladid.is

Taktu bara leigubíl ...

165 kílómetrar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur farið 165 kílómetra innanbæjar með Hreyfli fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Draumar um virkjanir og verksmiðjur:

Langavitleysan

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Rökin fyrir uppbyggingu nýrra álvera á Bakka við Húsa-vík og í Helguvík á Vatnsleysuströnd eru vel kunn: landkostir okkar til framleiðslu rafmagns eru slíkir að við eigum ekki að láta strauminn, vatnsafl eða gufu, líða hjá án þess að virkja. Það er í fyrsta lagi.

Þá eru erlendir auðhringar ánægðir yfir að koma hingað inn með tækniþekkingu sína og fjármagn til að reisa stórar og nútímalegar verksmiðjur sem taka í afköstum fram eldri verksmiðjum í öðrum löndum. Þótt efasemdir hafi alla tíð verið uppi um að íslenskir ráðamenn hafi orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að ná fram hæsta verði fyrir það rafmagn sem þegar er selt. Stórir kaupendur hafa alla tíð haft hreðjatak á þeim íslensku karlmönnum sem samið hafa um söluverð á íslensku rafmagni, samningar hafa til þessa verið unnir í nauðvörn íslenskra hagsmuna. Reynslan ætti því að beina okkur frá samningum um álbræðslur og auðhringa í málmiðnaði sem eru arðránsfyrirtæki hvar sem þeir hola sér niður á jarðarkringlunni. Það er í öðru lagi.

Nú varð mikil umbreyting á ráðstöfunarrétti svæða undir verksmiðjur og í framhaldi af því virkjanir fyrir fáum árum: röksemdin var sú að það væri réttur sveitarfélaga misstórra að opna héruð sín fyrir þurftafrekum framkvæmdum af þessu tagi. En fámenn sveitarfélög verða auðveldur leiksoppur kraftmikilla og auðugra fyrirtækja. Reyndar er svo komið að jafnvel þótt sveitarfélögum yrði fækkað enn frekar, þá er íslenskt samfélag að stærðargráðu á við smáborg í samanburði við fjölmennari þjóðir. Raunar ætti landið miðað við mannfjölda að vera eitt sveitarfélag, eitt kjördæmi. En sveitarfélögin ráða þessu, þótt hér þurfi miklu stærra afl almennasjóða til að hrinda stórvirkjum sem álbræðslum og nauðsynlegum virkjunum í framkvæmd. Sveitarstjórnir nyrðra og syðra eru löngu komnar fram úr sér í þessum þætti atvinnuuppbyggingar.

Nýlega hefur umhverfisráðherra sent til baka áætlanir um stórfelldar línulagnir, reyndar löngu eftir að frestur til slíkra ákvarðana var úti, sem er léleg stjórnsýsla og ekki til fyrirmyndar. Jafnvel þótt vitað sé um sterka andstöðu við þessar línulagnir þar sem þær eiga að fara um. Látum það vera.

Hitt er verra og því verða gagnrýnendur ráðherrans að svara þjóðinni: stærð þeirra verksmiðja sem á teikniborði eru er mun meiri en óvirkjaðar auðlindir vatns og gufu geta staðið undir. Helguvík, Bakki og Straumsvík gera meira en að nota allt sem fáanlegt er, þær þurfa meira. Og til þess dugar ekki loftið í sveitarstjórnarmönnum.

Og þá er enn eftir annar hjalli: hvar á að fá fjármagn til að hrinda þessum áformum í gang í næsta virkjunaráfanga þeirra sem þjóna vilja hagsmunum erlendra stórfyrirtækja?

Langavitleysan sem hluti embættismanna almennings hefur spilað í nokkur misseri verður að taka enda: það er heimska að ætla að nýta alla fáanlega orku fyrir gjafverð til langrar framtíðar. Ráðamenn verða í undanfara sveitarstjórnarkosninga að svara almenningi með rökum og staðreyndum: hvaða orka á að keyra draumasmiðjur þeirra á fullu, hvar á að fá fjármagn til að reisa nauðsynlegar virkjanir? Og hvað á að gera dugi þær ekki til? Kunni þeir ekki svörin á að finna handa þeim nýtt spilaborð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Alltaf ferskt

Kjöt & fisktorgið

í Kringlunni & Garðabæ

Plokkfiskur

998 kr/kg

Verð áður 1.298.-

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hreykja sér af verkum annarra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stjórn Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar sendu frá sér tilkynningu þar sem jöfnu kynjahlutfalli í ríkisstjórn var fagnað. „Það er trú Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar“, segir í tilkynningunni, „að með þessu sé mótað fordæmi til framtíðar þannig að hér eftir muni ríkisstjórnir Íslands ávallt verða skipaðar til jafns konum sem körlum.“ Já, það er göfugt markmið. En ef það á að nást verður Samfylkingin að spýta í lófana því af fimm ráðherrum hennar eru aðeins tvær konur. Stjórn Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar á því Vinstri

grænum að þakka jafnt kynjahlutfall í ríkisstjórninni, þó ekki sé minnst á það í tilkynningunni.

Allir með Steingrími

Flokkadrættir innan VG birtust áþreifanlega á þingi í gær í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, var fjarri góðu gamni og kom það í hlut Katrínar Jakobsdóttur, Svandísar Svavarsdóttur og Björns Vals Gíslasonar að mæla fyrir munn flokksins. Öll eru þau dyggir fylgismenn Steingríms. Enginn úr óánægjuhópi VG fékk hins vegar að tala.

Að lenda í tortryggni

Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu, sagði í gær af sér sem formaður Víðskiptaráðs Íslands. Ekki vegna þess að hann teldi sig hafa gert neitt rangt, nei, þvert á móti segir Erlendur að störf hans hafi verið „lóð á vogarskálur þeirrar virðingar sem Víðskiptaráð þarf að njóta“. Erlendur er hins vegar lentur í hópi þeirra ófáu kaupssýslumanna hvers störf hafa undanfarið verið „gerð tortryggileg“, eins og það er gjarnan orðað, og neyðast í kjölfarið til að segja af sér til að „skapa frið“ um störf viðkomandi félags. Ljót meinsemd, þessi tilefnislausu tortryggni. bergsteinn@frettabladid.is

Vegvísir og heildarsýn

Þróun háskólanáms á Íslandi hefur verið undraverð síðustu árin, eða allt frá því að lög voru sett um háskóla 1997 sem leyfðu stofnun nýrra háskóla. Með nýju skólunum sköpuðust forsendur fyrir samkeppni á öllum sviðum, nemendur fengu úr meiru að velja, námsframboð margfaldaðist, ný hámenntastörf urðu til, og umræðan um háskóla- og vísindastörf færðist úr þröngum höpum til almennings. Má fullyrða að í engri grein íslensks atvinnulífs hafi verið eins mikil kraftur og eldmóður síðustu árin eins og í starfsemi háskólanna.

Nú er hins vegar kominn tími til að hugsa upp á nýtt. Hrun efnahagskerfisins setur strik í reikninginn og gerð er krafa um stórfelldan samdrátt í rekstri skólanna. Það er tekist á um hvernig það skuli gert, og skipast línur í þeirri umræðu eftir almennum lífsviðhorfum og því hvar menn starfa. Forræði gagnvart sjálfstæði, reglufesta gagnvart sveigjanleika, fjölbreytni andstætt fábreytni, einhæfni á móti fjölhæfni – allt áttakapólar sem umræðan veltist um.

Tillaga um endurskipulagningu háskólakerfisins getur ekki og má ekki snúast um félagslegar lausnir eða tilvist stofnana. Hún getur snúist um hagræði og skilvirkni, sparnað og ráðeild, gagnsæi og jafnræði, – allt þættir sem skipta miklu máli, en þó fyrst og fremst á hún að snúast um menntunina sjálfa, gæði hennar, fjölbreytni og afköstin; um nemendurnar, rannsóknirnar, nýsköpunina og áhrifin inn í samfélagið. Við eigum að spyrja hvaða kröfur við gerum til skólanna, hvaða skyldur það eru sem ríkið og önnur stjórnvöld þurfa að uppfylla, og ekki síst þurfum við að gera kröfur til nemenda skólanna sem þegar upp er staðið er efniviðurinn sem allt byggir á. Undirritaður leggur fram til-



HJÁLMAR RAGNARSSON

Í DAG | Uppstokkun háskólakerfisins

lögu sem tekur á þessum þáttum. Hún felur í sér róttækar breytingar á rekstrarformi ríkisháskólanna, að losað verði um ráðningafestu starfsmanna, að stjórnvöld skilgreini fyrirhuguð útgjöld sín til háskólamenntunar og rannsókna, og að ströng skilyrði verði sett um skilvirkni háskólanna. Enn fremur gerir hún ráð fyrir að skólarnir standi jafnfætis gagnvart rétti til töku skólagjalda og jafnræðis verði gætt gagnvart skólunum við úthlutunir fjármuna til þróunarstarfs og rannsókna. Þá er það lyklatríði að inntaka nemenda í háskóla verði markvissari og sá réttur afnuminn að nemandi geti innritast sjálfkrafa í háskóladeild. Helstu atriði tillögunnar eru þessi:

- Rekstrarform háskóla verði samræmt: sjálfseignarstofnanir.
- Losað verði um ráðningafestu starfsmanna: aukinn sveigjanleiki.
- Fjöldi greiddra nemendasæta á hverju fræðasviði verði fyrirfram skilgreindur.
- Reiknilíkan endurspeglir raunverulegan kostnað við rekstur.
- Settar verði mælistikur um skilvirkni, þ.m.t. um hámark námstíma og brottfall nemenda.
- Inntaka nemenda byggja á prófum, verkefnum og viðtölum.
- Gerðar verði reglubundnar og samræmdar kannanir á afdrifum útskrifaðra nemenda.
- Sett upp virkt og utanaðkomandi gæðaeftirlit: áhersla á faglegan

árangur.

- Tölfræði um starfsemi háskólanna á samræmdum forsendum.
- Háskólaáskrifstofa menntamálaráðuneytis verði eflað og fengið aukid hlutverk.
- Samstarfsnefnd háskólastigsins gerð virkari og hlutverk hennar betur skilgreint.
- Háskólar settir jafnir gagnvart fjárveitingum úr sjóðum ríkisins og njóti sama aðgangs að vernduðum tekjstofnum.
- Framlög til rannsókna skilgreind eftir fræðasviðum, rannsóknarfé fylgi hverju nemendasæti.
- Skólarnir standi jafnfætis gagnvart innheimtu skólagjalda.
- Hámark sett á upphæð námsláns nemanda til greiðslu skólagjalda.
- Lán til greiðslu skólagjalda verði takmörkuð við nám í viðurkenndum háskólum.
- Háskólam og rannsóknarstofnum um tryggð grunnframlög til rannsókna innan hvers fræðasviðs.
- Opinberu rannsóknarfé veitt til samkeppnissjóða, úthlutað á grundvelli samkeppni og jafningjamats.
- Rannsóknasjóðir sem tengjast atvinnugreinum og sértækum verkefnum settir undir eina stjórn.
- Gerð tímasett áætlun um eflingu rannsókna og nýsköpunar í fyrirtækjum.
- Stjórnvöld setji fram tímabundna forgangsöröðun um rannsóknarsvið og áherslur í rannsóknum.
- Uppstokkun háskólakerfisins krefst nýrrar hugsunar og djarfra ákvarðana. Háskólaþjólf, stjórnmalamenn og aðrir sem um þessi mál véla, verða að hefja sig upp úr fyrirframgefnum skoðunum og pólitískum klisjum, horfa yfir heildina, og meta málin raunsemt, – sjá hvað er hægt og hvað er ekki hægt, og svo hrinda í framkvæmd því sem menn trúu að sé fyrir bestu.

Höfundur er rektor Listaháskóla Íslands.

Ekki aðeins hvað heldur hvernig

UMRÆÐAN

Davíð Stefánsson skrifar um endur-reisn

Þeir stigu fast til jarðar með fögur orð að vopni – framþróun, frelsi, markaður, hagvöxtur. Valdamiklir stjórnmalamenn og viðskiptajöfrar megnuðu að leggja Ísland á hliðina. Efnahagslega og síðferðilega, með leyndarhyggju og viðskiptaháttum sem þjóðin skildi ekki þá og skilur ekki enn.

Þenslan var alls staðar – keyrð áfram af egóinu, þeirri hugmynd að einstaklingurinn sé svo einstakur og frjáls að hann megji gera hvað sem honum dettur í hug, án tillits til afleiðinga fyrir heildina. Nú, í miðju brambolti hrunsins, er þessi brjálæðislega einstaklingshyggjuhugmynd orðin að skoti í þeirra eigin fæti. Og illu heilli – í túnfæti okkar allra.

Á nokkrum dögum vorum við svipt trausti í garð hvert annars. Við treystum ekki lengur stjórnmalamönnum, embættismönnum, hagfræðingum, bankamönnum, fjárfestum, stjórnendum, lögreglumönnum, lúxusjeppaeigendum, ritstjórum, kvótæigendum, eigendum fjölmiðla, blaðamönnum.

Hver er rétta leiðin inn í trygga framtíð? Hver er



DAVÍÐ STEFÁNSSON

besti útgangspunkturinn? Ferðamennska? Stóriðja? Jarðhitaorka? Útflutningur á vatni? Munu þessar leiðir koma okkur til bjargar? Svarið er nei. Það sem á að leiða okkur inn í réttlátara samfélag eru heiðarlegri viðhorf og vinnubrögð – ekki aðeins hvað við gerum heldur hvernig við gerum það. Til þess þarf að stíga kjörkuð skref út úr bakherbergjunum – ella sest vantrausti djúpt í þjóðarsálina, við hættum að vera vammlaus og forherðumst þess í stað, verðum svört í augunum af tortryggni.

Lausnina má orða á einfaldri spurningu: „Eru vinnubrögð mín heiðarleg?“ Þetta er ekki flókinn útgangspunktur – allir eiga að geta tileinkað sér hann. Leyndarhyggja í stjórnmalum smávar venjulega Íslendinga sem vinna á heiðarlegan hátt að eigin velferð. Ráðamenn mega aldrei aftur líta á Íslendinga sem víðföng sín; þeir þurfa að muna að þeir starfa í umboði þjóðarinnar og að krafan um upplýsingar og heiðarleg vinnubrögð er ekki frekja og barnaskapur – heldur spurning um grundvallar-mannréttindi.

Höfundur er varaþingmaður og formaður Vinstri grænna í Reykjavík.

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐIÐ Hollusta og hagkvæmni verður haldið í fræðslusal Manns lífandi að Hæðarsmára 6 í Kópavogi þriðjudaginn 6. október klukkan 18 til 21. Leiðbeint verður um grunn að góðu mataræði og heilsufæði. www.madurlifandi.is



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Myndakökur og marsipanmyndir fyrir öll tækifæri



Kaka.is
S. 578 5588 og 661 5588



Oxyl™ Augndropar

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum.
Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.



Fæst í apótekum

Hollt í skólann



Ekkert hveiti
Enginn sykur
Engar hertar fitur
Lífrænt ræktað hráefni

Fæst í flestum matvöruverslunum

Yggdrasill



Manon Laméris ásamt sambýlismanni sínum, Sigurði Harðarsyni, oft kenndur við pönk, en hann er ástæða þess að hún settist að hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umhverfisvænt í öll mál

Listakokkurinn Manon Laméris reynir að borða hollt í öll mál til að halda heilsunni í lagi. Lífrænt og umhverfisvænt er efst á lista en hvort tveggja mætti þó vera ódýrara og aðgengilegra að hennar mati.

„Ég reyni að borða eins hollan mat og ég mögulega get, helst grænmeti, en held fitu og sykri í algjöru lágmarki,“ segir Manon Laméris, sem ætti að vera gestum veitingastaðarins Græns kosts að góðu kunn þar sem hún galdrar fram hvern sælkeraréttinn á fætur öðrum.

Manon er fædd og uppalin í Hollandi, en settist að á Íslandi um mitt sumar 2007 og hóf störf á Grænum kosti sama ár. Starfið segir hún eiga vel við sig þar sem grænmetisfæði og heilbrigður lífsstíll hafi lengi heillað.

„Ég ætlaði að gerast grænmetisæta þegar ég var mjög ung. Móðir mín hafði hins vegar litla trú á því að ég myndi endast og þvertók því

fyrir að elda sérstakt fæði ofan í mig, þannig að ég beið með þetta þar til ég varð fimmtán ára. Og viti menn! Þá fór mamma líka að snúa við blaðinu og borðar núna bara lífrænan mat,“ rifjar hún upp og hlær.

Manon segist sakna svolítið þess fjölbreytta úrvals af fersku grænmeti og lífrænum og umhverfisvænum mat sem er á boðstólum í Hollandi. „Þar fæst slíkt í öllum helstu kjörbúðum. Hér er aftur á móti mun erfiðara að nálgast til dæmis ákveðnar tegundir ávaxta eða þá ódýran og umhverfisvænan mat. Hann er oft annaðhvort dýr eða innfluttur og þar af leiðandi ekki umhverfisvænn,“ útskýrir

hún. Ekki segist Manon vera stórtæk þegar að hreyfingu kemur. „Það skal viðurkennast að ég hef nú ekki verið neitt sérstaklega dugleg hingað til, en ég ætla að bæta úr því. Mér hefur bara aldrei þótt gaman að hlaupi, hópíþróttum eða tækjum á líkamsræktarstöðvum en prófaði ýmislegt í Hollandi sem mér líkaði. Power-jóga var skemmtilegt en þar er ekkert verið að sitja og brenna einhver reyksli heldur tekið almennilga á því. Svo mæli ég með boxi, sem er frábær leið til að losna við alls kyns uppsafnaðan pirring,“ segir hún og hlær. „Ég þarf bara að komast í eitthvað í ætt við það.“

roald@frettabladid.is

DEKK

-15%

AFSLÁTTUR

Sýndu fyrirhyggju

Á hverju hausti lenda þúsundir Íslendinga í að þurfa að bíða í röð fyrir framan dekkjaverkstæði. Sýndu fyrirhyggju og fáðu um leið **15% afslátt** af heilsársdekkjum.

SMURVINNA

15% afsláttur af vinnu við smur!



olis

BÓN OG ÞVOTTUR

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!



BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | **Sími 557-9110**





Sýni send með leigubíl til skoðunar

Læknar þurfa að senda sýni úr brjósti konu sem gengst undir aðgerð vegna brjóstakrabbameins með leigubíl til rannsóknar. Á meðan beðið er niðurstöðu þarf að halda konunni sofandi. Læknir segir að treysta þurfi á drifkraft stuðningssamtaka til að ná framförum á spítala á næstu árum.

OLANG
Þeir eru komnir

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

B/A/S/L/E/R
Skiþholt 29b, s:551-0770

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Þegar kona gengst undir fleygskurðaðgerð vegna brjóstakrabbameins á Landspítalanum þarf að senda sýni úr brjósti hennar með leigubíl í Krabbameinsfélag Íslands til að hægt sé að kanna hvort nægilegur hluti brjóstisins hafi verið tekinn. Niðurstöður myndatökunnar fær skurðlæknirinn svo símleiðis og á meðan á þessu stendur þarf að halda konunni sofandi á skurðarborði inni á skurðstofu.

„Ákaflega mikið óhagræði er í þessu skipulagi, það eykur hættu á mistökum og er í raun óásættanlegt fyrir sjúklingana og skurðlækna deildarinnar.“ Þetta er meðal þess sem kemur fram í rökstuðningi lækna til tækjakaupadeildar Landspítalans um mikilvægi þess að kaupa röntgentæki til að hafa á skurðeild vegna fleygskurðaðgerðar.

Kristján Skúli Ásgeirsson skurðlæknir, sem hefur sérhæft sig í skurðmeðferð brjóstakrabbameina, segir litlar líkur á að tækið verði keypt á næstunni miðað við allan þann niðurskurð sem Landspítalinn stendur frammi fyrir. Telur hann ljóst að treysta verði

í auknum mæli á drifkraft stuðningshópa í rekstri spítala á næstu árum. Kostnaður við kaup á tækinu er um 15 milljónir. Oft hafi sú regla verið viðhöfð á Landspítalanum að takist að safna fyrir helmingi kostnaðar leggi spítalinn til það sem á vantar. Hann sé þó ekki viss um að það verði gert í því árferði sem nú er.

„Það væri mikill munur að geta komist að því inni á skurðstofu á nokkrum mínútum hvort nóg hafi verið tekið,“ segir hann um tækið en það er til á skurðstofum í flestum löndum sem Íslendingar bera sig saman við. Auk þess sem hann bendir á að hafi ekki tekist að ná nægilega miklum hluta brjóstisins þurfi að endurtaka ferlið. Komast mætti yfir fleiri verk fengist tæki á skurðstofu.

Brjóstakrabbamein er algengasta dánarorsök hjá konum upp að 60 ára aldri. Sé fleygskurðaðgerð framkvæmd þarf ekki að taka allt brjostið. Rannveig Lund, forsvarskona samtakanna Bætum brjóst, segir hlutfall fleygskurðaðgerða orðið 70 til 80 prósent á móti brottnámsaðgerðum. Nauðsynlegt sé að fá tæki inn á skurðeild til að



Kristján Skúli Ásgeirsson skurðlæknir telur litlar líkur á að Landspítalinn standi fyrir kaupum á röntgentækinu vegna þess mikla niðurskurðar sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

koma til móts við þessar breytingar. „Það að halda manneskju sofandi lengur en þörf er á er nokkuð sem á ekki að gerast,“ segir Rannveig. Hún segir samtökin Einstök brjóst hafa unnið að söfnun fyrir tækinu frá árinu 2007.

Þau samtök hyggi nú á samstarf við Bætum brjóst en erfitt sé að hella sér á fullt út í söfnunina fyrr en svar berst frá Landspítalanum um hvort til standi að leggja fram helming upphæðarinnar.

karen@frettabladid.is

Kæling dregur úr hættu á heilaskaða

Ný rannsókn staðfestir að börn sem verða fyrir súrefnisskortri í fæðingu verði síður fyrir varanlegum heilaskaða séu þau kæld niður.



Yfir 300 börn sem urðu fyrir súrefnisskortri voru athuguð í rannsókninni.

Læknarnir sem framkvæmdu rannsóknina komust að því að börn sem urðu fyrir súrefnisskortri í fæðingu voru 57 prósent líklegri til að sleppa við heilaskaða ef líkami þeirra var kældur um fjórar gráður. Þessar niðurstöður voru birtar í tímaritinu „The New England Journal of Medicine“.

Kælingaraðferðin er þó ekki ný af nálinni og er notuð víða um heim. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem óræk sönnun fæst á því að aðferðin sé gagnleg. Læknar vita þó ekki með vissu af hverju hún virkar en telja líklegt að kælingin hægi á efnaskiptum sem minnki áhrif fæðingarálagsins á líkama barnanna og gefi heilanum tíma til að ná sér.

Dr. Denis Azzopardi frá Imper-

ial College í London leiddi rannsóknina. „Við byggðum á tuttugu ára rannsóknum á þessu efni en nú höfum í fyrsta sinn fengið sönnun fyrir því að kæling geti haft jákvæð áhrif ef fullburða börn verða fyrir súrefnisskortri í fæðingu.“ Yfir 300 fullburða börn sem urðu fyrir súrefnisskortri í fæðingu voru athuguð en rannsóknin fór fram á 33 sjúkrahúsum, flestum í Bretlandi en einnig á Írlandi, í Svíþjóð, Finnlandi, Ungverjalandi og Ísrael.

Frétt af www.bbc.co.uk.

ULTRATONE
Faxafeni 12 **Nýtt hjá Ultratone!!!**
sími: 588-1166
www.ultra.is

Erum að fara af stað með nýtt átaksnámskeið sem hentar vel fyrir alla sem vilja ná skjótum árangri á auðveldan og þægilegan hátt andlega og líkamlega. Sérvalið prógram fyrir hvern einstakling.

Námskeiðið tekur 4 vikur og hefst með fyrirlestri Laugardaginn 10. október kl 14:00

Innifalið í námskeiðinu er:

- Þrisvar í viku í Ultratone tækin
- Fyrirlestur um mataræði og mikilvægi pH gildi fæðunnar.
- Fyrirlestur og kennsla um umhirðu húðarinnar
- Vikuleg vigtun og mæling
- Olía sérblönduð úr lífrænum olíum örvar sogæðakerfið (notuð heima)
- Jurtadrykkur úr völdum jurtum sem styrkja og efla ónæmiskerfið.
- Lífrænt ræktað hveitigras frá Lambhaga eftir hverja æfingu.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru:
Heba Sigurgeirsdóttir ilmoliufræðingur og Trausti Eysteinnsson lífstílsráðgjafi

Fyrir hvern er Ultratone?

- Fyrir þá sem vilja greinast og styrkja líkamann
- Fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn í líkamsræktinni
- Fyrir þá sem ekki geta stundað venjulega líkamsrækt
- Fyrir þá sem ekki nenna í ræktina

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!

KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

FLOTT Í VETUR...
með Slendertone

dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

ÞALTT SEM ÞIG VANTAR

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARATÆKI



LAND ROVER LR3 HSE Árgæð 2005. Einn 35 þ.km Verð kr. 4.990.000.

Höfðahöllin
Norðurhella 8, 221
Hafnafjörður
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Land Rover Freelander SE 2,5 bensín nýskr. 01/2004 einn 43 þ. km sjálfskiptur, krókur, ný loftbóludekk Tilboð 1.550.000.- ath. skipti.



Toyota Avensis S/D EXE 2,0 bensín nýskr. 4/2004 einn 60 þ. km sjálfskiptur, toppluga, álfelgur, verð 2.420.000.- ath. skipti.



Toyota Avensis S/D sol 1,8 bensín nýskr. 06/2004 einn 83 þ. km sjálfskiptur, filmur, spoiler Tilboð 1.600.000.-



Ford Escape XLS 2,2 Bensín nýskr. 07/2007 einn 28 þ. km sjálfskiptur, krókur, innfluttur af Brimborg Tilboð 2.900.000.-

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600



Vespur 50cc
vorum að taka inn 50cc vespur, í tveimur litum. Verð aðeins 188 þús. Síðustu vespur sumarsins.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



Range Rover Sport SE , árg.2008, ek. 14þús.km, diesel, sjálfsk, leður, Harman kardon hljóðkerfi, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði. Ásett verð 9500þús.kr!bíllinn er á staðnum.

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Subaru Impreza árg. '98 ek. 126þ. skk. Rafmagn í rúðum og dráttarkúla. Verð 370þ. Uppl. í s. 893 5517.



Viltu skipta, kaupa eða selja ?

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hliðasmára 2 s: 588-5300



Öflugir fjarstýrðir rafmagns- og bensínbílar í miklu úrvali. Tómsundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is



Sjálfskiptur Daewoo
Daewoo Lanos árg 2000 ekin 127,þ sjálfskiptur ný sk. 10 verð 290.000 uppl í síma 895 8873.



Bíla kera 20 feta verð 1.5 síma 893-6321



MMC Paiero stuttur árg 1998 dísel ek.244.þ ný.s.k finasti bíll verð. 490þ stg uppl í S.893-5400



Toyota Corolla GLI árg. '93, ek. 157þús uppl. í s. 555 1173, 695 9108.



Hyundai Tucson dísel. Einn 80þús. Sjálfsk. Dráttarkrókur. Heilsársdekk. Ásett verð 2,4 millj. Skoða skipti á ódýrari. Möguleiki á allt að 100% láni. Uppl. í S 660 1334



JEPAPFELGUR, FÓLKSÍLAFELGUR FELGUR Í MIKLU ÚRVALI OG Á GÖÐU VERÐI. VDO VERKSTÆÐIÐ BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

0-250 þús.

Opel Corsa '98, algjör sparibaukur, ek. 140 þús. Sumar og vetrardekk. Verð 195 þús. S. 615 1815.

250-499 þús.

Nissan Double Cab dísel '98 ek. 260þ. km. Nýskr. '10. V. 230þ. S. 846 5620 Hverfisgötu 38, Hfj.

500-999 þús.

Óska eftir subaru legacy station sjálsk ca 2001 til 2003 árg í skiftum fyrir isusu trooper árg 99 ásett ca 900 þús mjög gott eintak. 898 1505 eftir kl 16

Bílar óskast

Bráðvantar ódýra bifreið!! Má þarfn. aðhl. stgr. ca. 50-120þ. S.821 9887.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

!!! Vantar bíl !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

Óska eftir að leigja 35"-38" breyttan jeppa fyrir 50 - 100 þús á mánuði. Uppl í s. 866 0400

Óska e.að kaupa til niðurrífs gamla Peugeot, Daewoo, M.Benz & O.Vectra bíla.Nánari uppl. í s.661 2222.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast lagfæringa, ekki eldri enn '98. Skoða allt. Uppl. í s. 893 5400.

Jeppar



Toyota Landcruiser '02 ek. 149þ. Kastaragrind, kassi að aftan. 38" dekk, álfelgur. V. 2990þ. Uppl. veita Toppbílar 587 2000



Til sölu
Jeep Grand Cherokee árg. 1996 e. 160. Góður bíll. Uppl. í síma 864 7617.



Musso á 100.000!!!
Musso árg. '97 Ek. ca 165 þ. 3,2 bensín. Önýtt vél. Krókur. Sjálfskiptur. Verð 100.000 kr. Uppl. í s. 861 7600. Bíllinn er á Suðurnesjum.



HAFIÐ ÞIÐ SÉÐ PETTA ?? www.simnet.is/ragnarb

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutapjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Sendibílar



Leigð'ann og aktu sjálf'ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Vörubílar

Forþjökkur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Kerrur

Óska eftir hestakerru, má þarfnast lagfæringar, skoða allt. uppl. 895 8873

Fellihýsi

Hef nokkur pláss laus fyrir fellihýsi, tjaldvagna og fleira. Upphitað og loftað löng reynsla með blessunarlega tjónalaust orðspor S: 897 1731.

Vinnuvélar

Massey Ferguson 135 m/tækjum. MS 675. Góður hnakkur. Tvívirik ámokstur-tæki. 10 stóðhryssur og glæsileg folöld. Uppl. í s. 865 6560

Bátar

Óska eftir grásleppuleyfi (þarf 6 Brúttótonn Einnig vantar mig grásleppuúthald. S. 867 9688

Hjólbarðar

55 Þús!
Vetrardekk 215/75r16" á súkku felgum. Einnig 245/45r19" lopprofile verð 35þ, stk. Traktorsdekk 16,9-24" 8pr verð 50þ. Uppl. í s. 697 3217

4 stk. dekk 175/65 14" á álfelgum á 20þ. 4 stk. 185/65 14" á 10þ. 2 stk. 255/70 16" á 10þ. 4 stk. 195/65 15" á felgum á 20þ. S. 896 8568.

Mótorhjól



Hér er það nýjasta fyrir motocross og enduro mótorhjól. Búnaður sem gerir slöngur og mús óþarfa. Ódýrara en mús og endist mjög vel. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þetta betur. www.bluemountain.is Einnig getur þú hringt í okkur í síma 5787860. . Verð kr. 18.000,- stk. Isetning kr. 4.000,- per dekk. Tilboð í gangi núna, kaupuðu TuBliss í bæði dekk og þú færð fría Isetningu.

Varahlutir



Eignum notaða varahluti og dekk í tugi bíltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, 130. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

www.netpartar.is
Bílapartasala

Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

ER að rífa Swift 05-09 yaris 05 bmw 525 dísel '02 honda civic 97 renult kango 99. Kaupum bíla í niðurrif. Partabílar 770-6400

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatchback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99. Kaupi bíla til niðurrífs. S. 896 8568.

VW, Skoda S. 534 1045

Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrífs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.



ÞJÓNUSTA

Garðyrkja



Gröfupjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjóntanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunnna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.



Haustréttar
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Trjáféltingar!
Runnaklipping, trjáklipping, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða.

Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur.

S. 848 1723.

Smágröfupjónusta, hellulagir, drenlagir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagirnir.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Smáverk - málning. Get tekið að mér lítil verk, alhliða málningarvinna, ekkert er of lítið. Uppl. í s. 663 7576, Jonni.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaveiðhald

Steinsteypusögun
– Kjarnaborun
Múrbrot - Niðurrif

B.B Steinsögun
Bbsteinsogun@simnet.is
Gsm: 896 7579

Fagþjónusta - Allt á

einum stað
Getum bætt við okkur í flísa-
lögn, múrverki, pípulögn, mál-
ningu, parketlögn, glerisetningum
og fleira. Sérhæfum okkur í
lekavandamálum. Einnig tökum
við að okkur niðurrif úr húsum
og múrbrot. Fljót og góð vinnu-
brögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420
Steingæði ehf.



Húsaveiðgerðir

Múrarak, málarak með mikla reynslu
í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig
verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712
& 618 7712.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s.
málun, múrun, flísa- & parketlagnir
og trésmíði, nýsmíði á gluggum og
isetningu. Föst tilboð eða tímavinna.
S. 616 1569.

Pípulagnir

Faglaerðir píparar geta bætt við sig
verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum.
Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í
síma 699 6069

Óli smiður

Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem
smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð.
Óli smiður 698 9608.

Rafvirkir

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verk-
efnum og viðhaldsvinnu. Föst verð eða
tilboð. Sumarbústaðir og töfluskípti. S. 693 7141.

Múrverktakar

Múrvertakar geta bætt við sig öllu
almennu múrverki og húsaveiðgerðum.
Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt
kemur til greina. S. 865 2782.

Stíflubjónusta

Stíflulosun
Röramyndun

Losa stíflur úr salemum,
vöskum, baðkerum og niður-
föllum. Röramyndavél til að
staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun
Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagna-
björgun, flest tölvuvandræði leyst. 18
ára reynsla, fint verð, afsl. f. félaga ÖBÍ
& FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir
- vírushreinsanir -

Gagnabjörgun
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla
og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet
ehf - S. 6152000

Nudd

Whole body massage. Frábært nudd,
fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5024.

Frábært heilnudd, fantastic massage. S.
869 8076 & 894 6823.

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd,
fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 4850.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Spádómar

Spásími Daddýar 846
6364.
Opið frá kl. 12-24 alla daga.
Ekkert mínútagjald Visa/Euro

Spálínur Sjáandans

Opið virka daga
Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-
22 þri.-fim
Sibba 908 2507 kl. 22-24
Spádómar og ráðgjöf

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát
skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni
Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

661 3839 - Símaspá

Opið alla daga frá kl 16:00.

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegn-
um síma. Ekkert mínútagjald. S. 891
8727, Stella.

Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasimar

Set upp ný dyrasímakerfi
og geri við eldri. Endurnýja
raflagnir í eldra húsnæði
ásamt viðgerðum og
nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Trésmíði

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólþallar,
skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og
jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Saumaverk
Tökum að okkur allan saumaskap,
saumum fyrir hönnuði og fyrirtæki,
einnig fatabreytingar og viðgerðir. Uppl.
í s. 844 9301.

KEYPT
& SELT

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins,
má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt


KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verslun okkar
Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég Magnús Steinhórnsson gull-
smíðameistari kaupi gull, gull
peninga og gull skartgrip í af
fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi
allt gull, nýlegt, gamalt og illa
farið.
Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is
í s. 699 8000 eða komið í
Pósthússtræti 13,
Verið velkomin

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2
leiki og vínýl hljómplötur. Uppl. í s.
698 8629.

Hljóðfæri



Dúndurtílbóð!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.-
pakinn með poka, strengjasett og
stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full
stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4
kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá
kr. 39.900 Hljómborð frá kr. 8.900
Trommuset kr. 79.900 með öllu.
Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125
www.gitarinn.is.

Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kamb-
stál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og
ulfrinn.is


Óska eftir Sperruefni. Vantar helling
af sperruefni, ýmsar stærðir koma til
greina. Uppl 660 6707

20 feta gámur. Mjög góður, til sölu.
Krossviður til klæðninga og járn fylgir
með. Gott verð. S. 565 7467 & 896
6760.

Verslun

Þjófavarnirnar komnar
aftur!

Nú einnig með reyskynjara. Þú velur
3 símanúmer sem þjófavörnin hringir
í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla
aukahluti. Verð 23.900.-



Shaktimat

Indverska nálastungumottan sem er
búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð.
Verð 13.900.- Hefur 6210 nálastungu-
punkta sem geta haft græðandi,
afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama
og sál.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á
staðnum
www.motorogsport.is



Síð peysa, 13.900 kr. Emíllía Bláu húsín
Faxafeni clamal.is s: 588-9925

Stærri limur
betri limur

Loksins er komin á
markað vara sem gefur
þér varanlega stækkun
bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á
bathmate.is

Fyrirtæki

Söluturn til sölu á góðum stað.
Hagstæður rekstur. Uppl. í s. 824 2480
eða á oskar@atv.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu
árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183
www.eco.is Ný netverslun: www.betr-
iheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife
Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni.
Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúk-
runarfræðingur. www.halldorabjarna.is
S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu
frían prufupakka. Edda Borg S. 896
4662 www.lifstilla.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu
Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@
ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE

An exclusive gift for men, women and
couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í
dag. Uppl. í s. 616 6469.

Þjónusta

Er andlega orkan á þrot-
um?

Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða,
verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún
695 5480.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu heilsurúm með rafmagnsbotni,
160 x 200 Ófnæmisprófaðar dýnur,
5 stíflleikasvæði. Frábært verð sími
8252422

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundur til sölu. Kíktu á
heimsíðu okkar: www.dals-
mynni.is Eina löggilda hunda-
ræktunin í landinu.
Sími 566 8417 bjóðum visa/
euro raðgreiðslur.

TÓMSTUNDIR
& FERÐIR

Hestamennska

EIK-GRENI-FURA

í hesthúsinnréttingar og veggjaklæð-
ningar. Heflað, nótað, þurrkað. Uppl. í s.
691 8842.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a
-19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj
aðgaur að internet, baði. eldh.,
þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person.,
Funahöfða 17a -19 Rvk og
Dalshraun 13 Hfj Internet, bath,
kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535. www.
leiguherbergi.is

Sæt, snyrtileg 2 herb. kjallaraíbúð í
Norðurmýri. Verð 75000. S.8991933

Stúdíóíb. á Njálsgötu, 40 fm, 75 þús
kr. á mán, híti og rafm. inní. Uppl. í
S: 6973320

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu
inn á www.leigulistinn.is eða hafðu
samb. við okkur í s. 511 1600.

Lítil stúdíó íbúð í Miðb. Rvk. húsg.
fylgja. Leiga 55þ. með hússj. S. 895
0482. E.kl.16

ROOMS f/ RENT w/ FURNITURE IN
108 KRINGLA AND IN 109 AND 111
BREIÐHOLT 8973611

Til leigu 4 herb. íbúð með bílskily í
Völlum í Hafnarf. Upplýsingar í síma:
896-3905

Leiguliðar ehf Fossaleyni
16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúð-
ir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík,
Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes,
Hafnarfjörður. Gæluðyr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Útsýni

3ja herb. íbúð til leigu á sv. 108. Laus
strax. S. 822 8556 & 553 0690 á milli
kl.15-21.

Stúdíóíbúðir. Skammtímaleiga/lang-
tímaleiga. Uppl. í s. 661 1247. alla
virka daga.

4 herb. íbúð til leigu með húsg. í
Úthlíð 105 Rvk. Uppl. í s. 552 5076 &
863 6076.

Húsnæði óskast

Eldra einbýlishús óskast til leigu fyrir
tvo skapandi listamenn. 70-100fm á
rölegum stað fyrir utan borgarmörkin,
t.d. á Kjalarnesi, í Mosfellssveit eða á
Álfanesi. Fyrirfrangr. ef óskað er. Uppl.
í s. 862 2159.

Er 27 ára ábyrg og reyklaus, óska eftir
2 herb íbúð í Kópavogi. Uppl í S: 893
5066

Húsnæði til sölu



Til sölu - Njörvasund

Nýuppgerð íbúð á jarðhæð. Skípti
á skuldlausum bíl koma til greina.
Upplýsingar í síma 845 3083.

Atvinnuhúsnæði

HÚSVAGNAGEYMSLA

Nýtt, upphitað, fullbúið, iðnaðarhús í
HFN. Nokkur pláss eftir. Tökum allar
stærðir S: 660-1060 og 564-6500

Geymsluhúsnæði



Þjónusta



www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Geymslupláss
Upphitað á hófuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Geymsluhúsnæðið
Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótór-hjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahús í Kópavogi
Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 894 0292.



Frostfiskur ehf í Þorlákshöfn óskar eftir handflökurum.

Frostfiskur ehf í Þorlákshöfn óskar eftir handflökurum. Mikil og góð heilsárs vinna Frostfiskur in Thorlakshofn is seeking experienced hand-filleters. Steady workload year round.

Upplýsingar gefnar í síma 8400071.

For information, please call: 8400071

Viltu fá greitt fyrir að prófa og spila leiki eins og WOW? <http://tinyurl.com/ydab1zm>

Matreiðslumaður / Kokk
Óskast til vinnu sem fyrst á austurlenskan veitingastað, mikilvægt að viðkomandi tali íslensku og hafi dvalar og atvinnuleyfi. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049 eða spice@visir.is

Þjónn eða einstaklingur með reynslu af þjónustustörfum óskast til starfa sem fyrst, þarf að hafa stjórnunarhæfileika og/eða reynslu á starfsmannahaldi. Vinnutími 16 til 22. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049 eða spice@visir.is

Starfskraftur óskast í heildverslun sem fyrst. Vinnutími frá 8 til 14. Starfið fellst í sölu, tiltekt pantana og útkeyrslu. Sendið uppl. á jbhonest@mi.is

Sölufulltrúi Söludeild Kreditkorts leitar að drifandi sölufólki í í símasölu í fullt starf og hlutastarf um kvöld og helgar. Leitað er að söludrífandi einstaklingum með óbilandi kraft og áhuga á að ná góðum árangri. Umsóknir sendist á starf@kreditkort.is

Atvinna óskast

Óska eftir starfi við akstur um helgar, er með meirapróf. Uppl. í s. 848 0210.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Týndur páfagaurk! Hún týndist í Álfatúni 36, ef þið hafið orðið vör við hana hringið í s. 517 8939 / 618 4939 / 823 4756 - katrinh@gmail.com eða halliarna@gmail.com

Fundir



Haustrundur Lífssýnar

Fyrsti félagsfundur Lífssýnar á þessu hausti, verður haldinn í kvöld, þriðjudaginn 6. október kl. 20:00 að Bolholti 4, 4.h. Ath. breyttan fundartíma. Þórarinn Þórarinnsson flytur fyrirlestur um innri veruleika þingvalla. Starf vetrarins verður kynnt, m. a. námskeið Erlu Stefánsdóttur. Líttar veitingar. Allir velkomnir. Stjórnin

Einkamáll

Karismaður um fimmtugt óskar eftir að kynnast konu á svipuðu reki með vináttu og ferðalög í huga. Trúnaði heitið. Áhugasamar sendi Fréttablaðinu uppl. mert „Traust05“ fyrir 8. nóv.

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasiða með vinsælustu fitus-unum af facebook.

Auglýsingasími 512 5473

ALLT



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

ALLT

Á FERÐINNI

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

Þjónusta

Hæfniskröfur:

- Bifvélavirki, langt kominn bifvélavirkjanemi eða maður með góða reynslu
- Grunnkunnáttu í tölvum
- Gilt bilpróf

Vinnutími:

- Frá kl. 8:00 til 17:00, mánudaga til föstudaga
- Frá kl. 9:00 til 13:00, þriðja hvern laugardag

Bifvélavirki

Bifvélavirki, bifvélavirkjanemi eða maður með góða reynslu óskast á Max1

Max1 hraðþjónustuverkstæði sérhæfir sig í:

Hjólbarða-, bremsu-, smur-, rafgeyma-, dempara- og þrífþjónustu

Umsókn:

Farðu á max1.is og sæktu um starfið. Umsóknarfrestur er til 15. október 2009. Nánari upplýsingar veitir Lovisa Jónsdóttir launa- og starfsmannafulltrúi í síma 515-7188.

Reykjavík, sími 515 7190: Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2. Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðuðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Vantar þig aðstoð?

Almenna lögfræðistofan er fyrirtæki í örum vexti sem hefur yfir að ráða öflugum hópi fagfólks. Meðal þeirra þjónustu sem boðið er upp á er:

- Skattaráðgjöf
- Bókhaldsþjónusta
- Fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og félög
- Öll almenn lögfræðiþjónusta

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að leysa vandamálið.

ALMENNA LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Borgartún 3 / 105 Reykjavík / Sími: 588 1177

Fundir



Verkalýðsfélagið Hlíf

Félagsfundur

Fundur verður haldinn þriðjudaginn 6. október 2009, kl. 18:00 í Félagsheimili Hlífar Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.




Dagskrá:

1. Horfur í efnahagsmálum. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.
2. Önnur mál.

Félagar mætum vel og stundvíslega

Stjórn Vlf. Hlífar

Opið hús



Eignatorg Sími 510 3500

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

Eignatorg kynnir: Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 89,3 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhól með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með flisum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flisum á gólfi, flisum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

Opið hús í dag frá kl. 18:00 – 18:30
Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

Traust og vönduð umfjöllun um viðskiptalífið

Markaðurinn

Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði

Næsta blað kemur út miðvikudaginn 7. október



FRÉTTABLAÐIÐ

ELISABETH SHUE FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ég lít kannski út eins og stúlkan í næsta húsi, en þú myndir ekki vilja búa við hliðina á mér.“

Leikkonan Elisabeth Shue er 46 ára í dag. Shue skaust upp á stjörnuhimininn með kvikmyndum eins og *Coctail*, *Back to the Future 1 og 2* og svo *Leaving Las Vegas* en fyrir hana hlaut hún Óskarsverðlaun árið 1995.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 6. OKTÓBER 1895

Samkomuhús Hjálpræðishersins vígt

Samkomuhús Hjálpræðishersins í Reykjavík, gamli spítalinn við Aðalstræti, var vígt á þessum degi árið 1895.

Upphaf Hjálpræðishersins á Íslandi má rekja til frumherja starfsins, Christians Erichsen, yfirforingja og adjutants frá Danmörku, og Þorsteins Davíðssonar, íslensks kapteins, sem ættaður var frá Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Hinn 12. maí 1895 héldu Christian og Þorsteinn útisamkomu á Lækjartorgi og fyrstu samkomu sína í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík, sem þeir höfðu fengið lánað. Því merkir 12. maí 1895 upphaf starfs Hjálpræðishersins á Íslandi. Fyrsta hermennasamkoman var haldin fljótlega eftir það eða í byrjun júní sama ár. Gistiheimilið í Herkastalanum var opnað 2. apríl 1898. Um aldamótin hafði hermönnum fjölgað í Reykjavík auk þess sem starfað var á nokkrum stöðum í nágrenni við Reykjavík, svo sem á Akranesi og Eyrarbakka.



Hjálpræðisherinn á Íslandi er í sama umdæmi og Noregur og Færeyjar. Í þessu umdæmi eru 115 flokkar (söfnuðir) sem eru virkir að staðaldri, og 289 staðir þar sem guðspjónustur eru haldnar og starfsemi með vissum millibílum. Hjálpræðisherinn starfar nú á Akureyri, í Reykjanesbæ, í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Heimildir: Með himneskum armi og Wikipedia.org.

MERKISATBURÐIR

- 1863** Félag stofnað til að byggja sjúkrahús í Reykjavík. Konur safna fyrir sjúkrahúsinu, sem tekur til starfa við Aðalstræti árið 1866.
- 1919** Sett eru lög um stofnun Hæstaréttar á Íslandi. Tekur hann til starfa um miðjan febrúar 1920.
- 1942** Húsmæðrakennarskóli Íslands tekur til starfa undir stjórn Helgu Sigurðardóttur.
- 1961** Minnst er hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands og er Háskólabíó vígt við það tækifæri.
- 1980** Jarðstöðin Skyggir tekinn í notkun og er þá komið gervihnattasamband við útlönd.

Leysir úr læðingi orkuflæði líkamans

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands stendur fyrir tangónámskeiði í húsnaði félagsins í Skógarhlíð 8, sem hefst í kvöld klukkan 17.

Námskeiðið er hugsuð jafnt fyrir einstaklinga og pör og er sérstaklega hugsuð fyrir þá sem hafa strítt við krabbamein sem og aðstandendur þeirra. Á því mun Jorge Paz, tangódansari frá Argentínu, kenna þátttakendum hvernig þeir geta unnið sig í gegnum áföll og streitu með því að nota tangó. Í tilkynningu frá Ráðgjafarþjónustunni segir að dansinn leysi úr læðingi orkuflæði líkamans og leysi upp stíflur sem hamla næmi fyrir hreyfingu.

Mælt er með að þátttakendur mæti í þægilegum fatnaði og skóm með leður sóla. Ekki þarf að mæta á öll kvöldin í þau sjö skipti sem það er kennt í október. Námskeiðið er í boði Roche og er ókeypis inn á það. Nánar á heimasíðu Krabbameinsfélagsins www.krabb.is.



UNNIÐ ÚR ÁFÖLLUM Íslendingum gefst tækifæri að upplifa lækningamátt tangósins á námskeiði hjá Ráðgjafarþjónustunni.

skeiðið er í boði Roche og er ókeypis inn á það. Nánar á heimasíðu Krabbameinsfélagsins www.krabb.is.

Björt framtíð í bíó

Kvikmyndasafn Íslands og Sendiráð Japans á Íslandi standa í sameiningu fyrir japanskri kvikmyndaviku í Bæjarbíói dagana 6. til 10. október.

Á vormánuðum voru sýndar nokkrar myndir gömlu meistaranna Naruse, Ozu og Mizuguchi. Í þetta skiptið eru samtímahöfundar á dagskrá.

Þannig verður kvikmyndin Björt framtíð (Akari mirai) úr smíðju leikstjórans Kiyoshi Kurosawa sýnd í kvöld. Myndin segir af vinnufélögunum Mamoru og Nimura sem eiga það sameiginlegt að vera uppfyllir af reiði sem þeir hafa enga stjórn á. Viðfangsefni myndarinnar falla því að hluta til undir þekkt stef í myndum Kurosawa sem sýna oft hvernig samfé-



ÖVENJULEG Persónur í myndum Kurosawa eiga sér oft sérstök áhugamál.

lagið mótast einstaklinginn eða einstaklinga heltekna af óvenjulegum viðfangsefnum.

Björt framtíð var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes árið 2003.

Húsið verður opnað um það bil hálf tíma fyrir sýningu sem hefst klukkan 20 og er aðgangur á hana ókeypis.

SJÖTUGUR Í DAG Kjartan L. Pálsson, fararstjóri og blaðamaður, er staddur í Alicante á Spáni og heldur í dag golfmót í tilefni dagsins.

MYND/ÚR EINKASAFNI

KJARTAN L. PÁLSSON: HELDUR UPP Á SJÖTUGSAFMÆLI MEÐ GOLFMÓTI Á SPÁNI

SLÆR GOLFKÚLUR Á ALICANTE

„Hér er um tuttugu og átta stiga hiti og félagar mínir eru að koma inn frá því að spila golf á stuttbuxunum,“ segir Kjartan L. Pálsson fararstjóri kátur í bragði. Hann er staddur í Alicante á Spáni og heldur í dag upp á sjötugsafmæli sitt með fimmtíu manna golfmóti á Alicante-golfvöllinum en þar er hann á ferð með stóran hóp golfara á vegum Sumarferða og Úrvals Útsýnar.

„Ég byrja afmælisdaginn á því að reka landa mína snemma á fætur og út á völl til að taka þátt í afmælistóti KLP,“ segir Kjartan en KLP er blaðamannaskammstöfun Kjartans sem starfaði sem blaðamaður í yfir tuttugu ár, fyrst á Tímanum og síðar á DV.

Á afmælistótinu verða farnar átján holur og keppt í þremur flokkum. Einum kvennaflokki og tveimur karlaflokkum. „Við köllum það eldri

og yngri kyflinga og skiptist það við sjötugt,“ segir Kjartan og bætir við að hann eigi fjölmarga jafnaldra í hópnunum. „Hér er fólk allt upp í 82 ára gamalt. Það spilar á hverjum degi og blæs ekki úr nös,“ segir hann glaðlega.

Kjartan tekur sjálfur þátt í mótinu. „Ég verð þarna síðasti maður og rek á eftir,“ útskýrir hann og tekur fram að á mótinu verði notaðir sérmerktir boltar. „Þá fékk ég að gjöf frá vinum mínum í Brimborg en þeir voru nú svo góðir að sleppa því að setja mynd af mér á þá,“ segir hann glettinn.

Í kvöld verður verðlaunaafhending þar sem Kjartan mun veita fallega gripi sem hann keypti í Ísspor nokkrum dögum fyrir brottför enda fékk hann hugmyndina að mótinu aðeins stuttu áður en lagt var í hann. Kjartan hefur verið fararstjóri hátt í

þrjátíu ár og hóf þann starfa meðfram blaðamennskunni. „Ég er nú hættur að vinna en tek að mér nokkrar ferðir á ári, sérstaklega þegar þær tengjast golfi,“ segir hann en golfferðir segir hann mjög vinsælar.

„Ætli það séu ekki vel yfir fimm hundruð manns á vegum Sumarferða og Úrvals-Útsýnar hér í haust. Það er orðinn fastur liður í lífi margra að lengja golfvertíðina með þessum hætti,“ segir hann en vellina á Alicante telur hann mjög góða.

„Hér er allt iðagrænt og rennislétt,“ segir hann en í þann mund heyrast fagnaðarop í bakgrunninum. „Þarna var einn Íslendingurinn að setja niður voða langt putt,“ útskýrir Kjartan og snýr að nýju út á völl til að fylgjast með.

solveig@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður,afa, langafa og langalangafa,

Garðars Skagfjörðs Jónssonar

fyrirverandi skólustjóra á Hofsósi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Bakkahlíðar og Einihlíðar á Akureyri fyrir einlaga umönnun og hlýhug.

Sigríður Garðarsdóttir Erla Erlendsdóttir afa-, langafa- og langalangafabörn.

Hafsteinn Skaftason Árni Guðmundsson

Blöðrur með bænum á loft

Minningar- og bænastund til eineltisforvarna verður haldin í Bústaðakirkju í kvöld klukkan 20 til 21.30. Er hún haldin í tilefni eins árs afmælis Liðsmanna Jerico, stuðningssamtaka foreldra eineltisbarna og uppkominna þolenda.

Kærleiksstundinni lýkur fyrir utan kirkjuna þar sem blöðrum verður sleppt til minningar um þá sem eineltið hefur veikt og fellt. Blöðurnar eru marglitar og við þær getur fólk bundið orðsendingu, bænir, óskir eða þrær og sleppt þeim til himins. Miðar og pennar verða afhentir við innganginn.

Nánari upplýsingar er að finna á lydheilsustod.is



BÚSTAÐAKIRKJA Minningar- og bænastund til eineltisforvarna verður haldin í kvöld klukkan 20.

Gigtin er minn akkilesarhæll

Gigtargangan verður farin fimmtudaginn 8. október undir kjörorðinu Vinnu saman. Þar verður vakin athygli á því að allir geti fengið gigt, þar á meðal ungt fólk á borð við Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur söngkonu sem mun ganga í fararbroddi göngunnar.

„Þessi sjúkdómur hefur blundað í mér frá því ég var barn. Það var alltaf eitthvað að mér en fannst aldrei neitt út úr því. Þegar ég var átta ára var ég greind með gigt en lækarnir gátu aldrei nákvæmlega greint hvers konar gigt það var“ segir Jóhanna Guðrún en það var aðeins fyrir stuttu sem hún var greind með liðagigt og sett á rétt lyf. Á þeim tíma greindist hún einnig með slæma lithimnubólgu í auga. „Ég fékk slæma verki og var eiginlega hætt að sjá með auganu. Þá var ég lögð inn á spítala í nokkra daga og fékk stera-dropa í augað en ég hefði getað misst sjónina á því,“ segir Jóhanna Guðrún, sem var í raun fárveik þegar hún söng í Eurovision í vor. „Ég fór í háhæluðu skóna rétt áður en ég fór á svið því ég var svo bólgin á tánum og hnúunum,“ segir Jóhanna Guðrún. Hún fór ekki á lyf fyrr en hún sneri heim þar sem lækarnir vildu ekki taka áhættuna á því að hún fengi slæm viðbrögð við þeim. „Ég er allt önnur núna eftir að ég fékk lyf sem henta liðagigtinni.“

Jóhanna Guðrún segir fólk almennt hissa á því að heyra að hún sé með gigt. „Það halda rosalega margir að aðeins gamalt fólk fái gigt. Það er alls ekki rétt og bara á Íslandi greinast um 13 til 14 börn með gigt á hverju ári,“ segir hún. Henni gengur ágætlega að eiga við sjúkdóminn en stundum koma þó bakslög.

„Þegar maður borðar eitthvað vitlaust eins og sykur og hveiti eða þegar



ÞIÐ AF GIGT Jóhanna Guðrún var illa haldin af gigt þegar hún lenti í öðru sæti í Eurovision í Moskvu í vor. „Ég fór í háhæluðu skóna rétt áður en ég fór á svið því ég var svo bólgin á tánum,“ segir söngkonan sem tekur þátt í árlegri gigtargöngu næsta fimmtudag.

maður er í miklu stressi eða líkaminn undir miklu álagi finnur maður fyrir gigtinni en annars eru lyfin það sterk að þau halda einkennum niðri,“ segir hún og heldur áfram: „Ég verð auðvit að alltaf með þennan sjúkdóm og þarf að lifa samkvæmt því, passa að klæða mig vel á veturna og hvíla mig. Það

þurfa allir að dila við eitthvað og þetta er minn akkilesarhæll.“

Gigtargangan hefst klukkan 17.30 við Ingólfstorg en mæting er hálf tíma fyrr þar sem hitað verður upp. Gangan endar við Hallgrímskirkju þar sem hlustað verður á orgelspil klukkan 18.10.

solveig@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurbjörg Sigurjónsdóttir
Álfheimum 46, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 19. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Guðmundur Þ. Albertsson
Þórður Oddsson
Þórdís Oddsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sólveig A. Karlsdóttir
Kristján Pétursson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Páll G. Pálsson
Arnarhrauni 5, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, þriðjudag, 6. október kl. 15.00.

Vilhelmína S. Jónsdóttir
Anna Pálsdóttir
Jónína Steiney Steingrímisdóttir
Þórarinn Smári Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Ingi Tómasson
Helgi Ívarsson
Elínbjörg Stefánsdóttir



Hjörtur Guðmundsson
fyrirverandi leigubífreidarstjóri,
áður til heimilis að Krummahólum 6,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund hinn 4. október.

Jóna Sigrún Hjartardóttir
Hjörtur Hjartarson
Ingibjörg Halla Hjartardóttir
Sigurður Hjartarson
Guðmunda Kristjánsdóttir
Helgi Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Jónasson
Guðný Þórarinsdóttir
Heimir Bjarnason
Páll Jóhann Pálsson
Kristín Helgadóttir



Ástkær sambylíismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurður Magnússon
rafvirkjameistari, Skólavörðustíg 16a,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 3. október. Útförin verður auglýst síðar.

Unnur Pálsdóttir
Magnús Sigurðsson
Anna Guðrún Sigurðardóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Halldór S. Sigurðsson
Esther Sigurðardóttir
Sigurður Fjalar Sigurðarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Michelsen
Ólafur Bjarni Guðnason
Maria Lorena R. Tolo
Sigrún Halldórsdóttir



Ástkær eiginmaður minn,
Friðrik Árni Kristjánsson

lést á heimili okkar, Túngötu 23, Tálknafirði, 1. október. Útförin fer fram frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 10. október kl. 14.00.

Nanna Júlíusdóttir.



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Arnbjörn Karlesson
fyrirum bóndi, Ytra-Dalsgerði,

verður jarðsunginn frá Glerárkirkju, Akureyri, fimmtudaginn 8. október kl. 13.30.

Jakobína Sigurvinsdóttir
Birna Ingibjörg Arnbjörnsdóttir
Ingólfur Marinó Gestsson
Björn Gunnar Gestsson
Rósa Sigurlaug Gestsdóttir
Friðrik Gestsson
Kristín Hlín Gestsdóttir
afa- og langafabörn.

Marites Toledo Talle
Filippía Ingólfssdóttir
Sigurgeir Steindórsson
Susana Turago Araojo
Sigurður Helgi Jóhannsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,
Hólmbjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir
lést á heimili sínu hinn 22. september.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Öllum sem sýndu okkur samúð sína færum við alúðarþakkir.

María Dögg Aðalsteinsdóttir
Aðalbjörg Hólm Aðalsteinsdóttir
Aron Örn Vilhjálmsson
Sandra Líf Gunnarsdóttir
Vilhjálmur Geir Þórhallsson
Heiðar Magnús Vilhjálmsson og fjölskylda
Huldar Einar Vilhjálmsson og fjölskylda.

Agnar Danielsson
Halldór Hallsson
Lára J. Magnúsdóttir



Elsku faðir okkar,
Stefán Árnason
Suðurbyggð 1, Akureyri,

er látinn.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Þórarinn, Sigrún, Gunnhildur, Árni, Páll og Ólöf Stefánsbörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Guðbjörg Sigfúsdóttir
frá Staffelli í Fellum,
Hjallalundi 3c, Akureyri,

lést mánudaginn 28. september á Fjórðungssjúkrahúsínu á Akureyri. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. október kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er sérstaklega bent á Bergmál, líknar- og vinafélag, s. 587 5566 og 845 3313. Reikn.nr. 117 26 1616, kt. 490294 2019.

Guðbjörg Guðmundsdóttir
Þorgerður E. Long
Valdís Vera Einarsdóttir
Óskar Long Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Kr. Einarsson
Atli Már Sigurjónsson
Agnieszka Nowak



Ástkær sonur okkar og bróðir,
Jökull Tandri Arnarson
Brávallagötu 10,

sem lést þann 26. september, verður jarðsunginn frá Krossinum, Hlíðarsmára 5, Kópavogi þann 7. október kl. 13.00.

Guðmundur Örn Ragnarsson
Jónína Lára Einarsdóttir
Bjartmar Orri Arnarson
Brynjar Frosti Arnarson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ragnar Björnsson
Hjallabakka 4, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, sunnudaginn 27. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans eru færðar alúðlegar þakkir.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Gigtarganga - Gigtarfólk- Gigtarganga Verður fimmtudaginn 8. október

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu
"Vinnu saman" Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi.
 Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting.

17:00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi
 17:20 - Upphitun fyrir gönguna
 17:30 - Gengið upp Bankastr. og Skólavörðust.*
 18:05 - Göngufólki er boðið að hlusta á stutt orgelverk í
 Hallgrímskirkju, Haukur Guðlaugsson spilar.

* Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.

Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með.

Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu
 Gl í síma 530 3600.

www.gigt.is



Kjötkompaní

Nýtt sælkerafars

299 kr/kg

Ungnauta hakk

890 kr/kg

Svikin héri m/bacon

590 kr/kg

Lífrakæfa 230 gr á


99 kr/stk

Tilboðið gildir þriðjudag og miðvikudag

Kjötkompaní
 Dalshrauni 13, sími 578 9700.

Katherine
HEIGL

Gerard
BUTLER



the ugly truth


18. september

TheUglyTruth-Movie.net



VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



NOKKUR ORÐ
Sara
McMahon



Íþróttabölvunin sem á mér hvílir

Það kann að hljóma undarlega en á mér hvílir bölvun. Bölvunin lýsir sér þannig að í hvert sinn sem ég horfi á íþróttaleik tapar „mitt“ lið.

Ég uppgötvaði að á mér hvíldi bölvun árið 1994 þegar ég hélt með ítalska fót-boltalandsliðinu í Heimsmeistaramótinu það árið. Ástæðan fyrir því að ég hélt með Ítölum var nokkuð kjánaleg; mér fannst þeir einfaldlega með myndarlegasta liðið.

Ítalir léku móti Brasil-íumönnum til úrslita og hrepptu annað sætið eftir að Roberto Baggio brenndi af í vítaspyrnukeppni.

Næstu mót á eftir hélt ég með Svíum, sem komust aldrei ykja langt, sem var auðvitað mér að kenna.

Þegar íslenska handboltalandsliðið tók þátt í Ólympíuleikunum í fyrra ákvað ég að horfa ekki á einn ein-

asta leik af ötta við bölvunina. Daginn sem úrslitaleikurinn var háður neyddist ég þó til að hafa leikinn í eyrunum því fólk í kringum mig vildi að sjálfsögðu fylgjast með. Það eitt að heyra leiklýsinguna var nóg til þess að virkja bölvunina og Ísland tapaði að sjálfsögðu leiknum og hreppti annað sætið.

Sambýlingurinn er dyggur aðdáandi fót-boltaliðsins Liverpool og því neyddist ég einnig til að styðja Liverpool. Ég hef horft á þrjá leiki með Liverpool frá upphafi leik-tímabilsins og í þau þrjú skipti töpuðu Liverpoolmenn og auðvitað var það bölvun-inni að kenna. Það þýðir ekkert fyrir mig að ætla að leika á bölvunina og halda með and-stæðingnum, því þeir sigra þá aðeins með enn meiri mun. Svo sterk er bölvunin.

EKKI veit ég hvaðan bölvunin kemur en hitt veit ég þó að það er mikil pína að þurfa að drattast í gegnum lífið með slíka bölvun á bakinu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Opið til kl. 18 í kvöld

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á rýmingarsölu Thrifty bílaleigu



Ford Mondeo Trend (TP082)
2.0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.
Skrd. 05/2007 Ek. 59.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.950.000 kr.



Mazda Tribute AWD (UA411)
2.3i bensín sjálfstíptur 5 dyra
Skrd. 05/2005 Ek. 65.000 km.
Verð 2.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Ford Explorer Sport Trac (K6426)
4.6i bensín sjálfstíptur 5 dyra
Skrd. 08/2006 Ek. 80.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.890.000 kr.



Citroën C4 SX (S0447)
1.6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 11/2005 Ek. 38.000 km.
Verð 1.860.000 kr.
Thrifty afsláttur 470.000 kr.
Thrifty verð 1.390.000 kr.



Ford Fiesta Trend (PI883)
1.4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2007 Ek. 68.000 km.
Verð 1.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 630.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.



Citroën C3 SX (TF119)
1.4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 08/2005 Ek. 64.000 km.
Verð 1.460.000 kr.
Thrifty afsláttur 470.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Mazda3 Touring (ZNJ01)
1.6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2008 Ek. 47.000 km.
Verð 2.420.000 kr.
Thrifty afsláttur 430.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Ford Explorer Eddie Bauer 4x4 (AU201)
4.0i V6 bensín sjálfstíptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, nálægðarskynjari aftan,
hraðastillir ofl.
Skrd. 05/2006 Ek. 92.000 km.
Verð 3.820.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.130.000 kr.
Thrifty verð 2.690.000 kr.



Ford Fiesta Trend (PK086)
1.4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 07/2006 Ek. 49.000 km.
Verð 1.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 1.250.000 kr.



Citroën C4 Coupé
1.6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Vindskelð að aftur,
flumur í afturru.
Skrd. 02/2007 Ek. 1.920.000 kr.
Thrifty afsláttur 800.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.

Gerðu bílakaup dagsins!

Nýttu tækifærið - Thrifty bílaleiga þarf að losna við bíla fyrir veturinn. Nú getur þú gert bílakaup á alveg sérstökum kjörum. Komdu og skoðaðu. Reynsluaktu bíl frá Thrifty bílaleigu og gerðu bílakaup dagsins. Við erum þar sem Brimborg er á Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.

Rýmingarsala á bílaleigubílum
Opið til 18 í kvöld

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn



Ford Focus C-Max (Z0589)
1.6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 07/2006 Ek. 56.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 640.000 kr.
Thrifty verð 1.680.000 kr.



Mazda6 Touring (ZU022)
2.0i bensín sjálfstíptur station.
16" álfelgur ofl.
Skrd. 09/2007 Ek. 36.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 2.550.000 kr.



Citroën C1 (DF141)
1.0i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 05/2006 Ek. 81.000 km.
Verð 1.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 300.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Citroën C4 Comfort (KJ818)
1.6i bensín 5 gir 5 dyra.
Glerþak, 16" álfelgur.
Skrd. 09/2006 Ek. 27.000 km.
Verð 2.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 770.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Citroën Xsara Picasso (TP762)
2.0i bensín sjálfstíptur 5 dyra
Skrd. 05/2004 Ek. 99.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Transit Connect 220L (UJ245)
1.8i dísil beinskíptur 6 dyra.
Rennihurð á hlið, fellanl.sæti ofl.
Skrd. 04/2005 Ek. 80.000 km.
Verð 1.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Focus Trend (TL619)
1.6i bensín beinskíptur 5 dyra
Skrd. 12/2005 Ek. 59.000 km.
Verð 2.060.000 kr.
Thrifty afsláttur 570.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Volvo S80 SE+ (KK948)
4.4i bensín sjálfstíptur 4 dyra.
Nálægðarskynjari aftan, leðuráklæði,
18" álfelgur ofl.
Skrd. 01/2007 Ek. 39.000 km.
Verð 6.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.000.000 kr.
Thrifty verð 5.790.000 kr.



Ford Transit Connect (LM590)
1.6i dísil beinskíptur 6 dyra
Skrd. 04/2006 Ek. 110.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Ford Focus Trend (BE908)
1.6i bensín beinskíptur station.
Skrd. 11/2004 Ek. 78.000 km.
Verð 1.670.000 kr.
Thrifty afsláttur 480.000 kr.
Thrifty verð 1.190.000 kr.



Mazda5 Touring (VBY17)
2.0i bensín beinskíptur 7 manna.
Skrd. 01/2008 Ek. 47.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.190.000 kr.



Volvo S60 (VU856)
2.0i bensín sjálfstíptur 4 dyra.
Skrd. 10/2005 Ek. 102.000 km.
Verð 2.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 2.290.000 kr.



Citroën C5 (JN459)
1.6i bensín 5 gir 5 dyra.
Skrd. 07/2006 Ek. 30.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 530.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Mazda3 Touring (OM314)
1.6i bensín beinskíptur 4 dyra.
Skrd. 07/2007 Ek. 54.400 km.
Verð 2.140.000 kr.
Thrifty afsláttur 550.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Audi A4 TFSI Quattro (YYK88)
2.0i bensín sjálfstíptur 4 dyra.
Skrd. 01/2006 Ek. 75.000 km.
Verð 4.250.000 kr.
Thrifty afsláttur 860.000 kr.
Thrifty verð 3.390.000 kr.



Toyota Avensis (USD25)
1.6i bensín beinskíptur station.
Skrd. 07/2008 Ek. 30.000 km.
Verð 3.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.990.000 kr.



Volvo S40 (KS988)
2.0i dísil beinskíptur 4 dyra
Skrd. 08/2006 Ek. 86.000 km.
Verð 2.690.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.190.000 kr.



Ford Mondeo Trend (SA314)
2.0i bensín sjálfstíptur station.
Skrd. 09/2004 Ek. 92.600 km.
Verð 2.350.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 1.950.000 kr.



Ford Transit 300M (PN789)
2.0i dísil beinskíptur 6 dyra
Skrd. 09/2005 Ek. 91.000 km.
Verð 2.150.000 kr.
Thrifty afsláttur 860.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Ford Focus Trend (Y6430)
1.6i bensín 5 gir station.
Skrd. 08/2003 Ek. 110.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.820.000 kr.



Mazda6 Sport (LP883)
2.3i bensín sjálfstíptur 4 dyra.
Leður, rafdrifið bílstj. sæti,
BOSE hljómkarfi, Xenon ljós ofl.
Skrd. 06/2006 Ek. 63.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.390.000 kr.



Ford Expedition Limited (AL514)
5.0i bensín sjálfstíptur 8 manna.
Nálægðarskynjari aftan,
dráttarkrökur ofl.
Skrd. 01/2006 Ek. 68.000 km.
Verð 4.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
Thrifty verð 3.990.000 kr.



Ford Focus Trend Collection (TK164)
1.6i bensín sjálfstíptur station.
Upphitanleg framrúða, tölvustýrt
miðstöð, rafdr. rúður framan og
aftan ofl.
Skrd. 06/2007 Ek. 69.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Volvo V50 T5 AWD (UB596)
2.5i bensín sjálfstíptur station.
Dráttarkrökur, leðuráklæði,
hraðastillir ofl.
Skrd. 08/2005 Ek. 60.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.690.000 kr.



Ford Focus Trend (BU864)
1.6i bensín beinskíptur station.
Skrd. 05/2007 Ek. 67.000 km.
Verð 2.350.000 kr.
Thrifty afsláttur 670.000 kr.
Thrifty verð 1.680.000 kr.



Citroën C2 VTS (AF498)
3.0i bensín sjálfstíptur 3 dyra.
Álfelgur 16", loftkæling,
sportfjöðrun ofl.
Skrd. 04/2007 Ek. 20.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Ford Escape XLT (LU369)
3.0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2004 Ek. 83.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins.

Komdu. Kaupu bíl á rýmingarverði af Thrifty

Við erum þar sem Brimborg er, Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölumenn Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.

Opið til kl. 18 í kvöld

Thrifty Íslandi
Bildshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty
www.thrifty.is
Bílaleiga

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 KR. STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM

500 KR. FUNNY PEOPLE

500 KR. BIONICLE

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

500 KR. the ugly truth

SÝNINGARTÍMAR

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 4, 7 og 10	16
FUNNY PEOPLE	kl. 7 og 10	12
BIONICLE - Íslenskt tal	kl. 4	L
THE UGLY TRUTH	kl. 4, 6, 8 og 10	12

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í SD

BRUCE WILLIS

★★★★★
KJL - Time Out New York

SURROGATES

BRUCE WILLIS ER MÆTTUR Í HÖRKUSPEN-
NANDI MYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF.

ALGJÖR SVEPPI

★★★★★
-S.V. MBL

OG LEITIN AÐ VILLA

FUNNY PEOPLE

THE HAUNTING IN CONNECTICUT

DISTRICT 9

ÁLFABAKKA

SURROGATES	kl. 6 - 8D - 10:10D	12
SURROGATES	kl. 5 - 8 - 10:10	VIP
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 5 - 8 - 10:50	12
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 8 - 10:20	16
DISTRICT 9	kl. 8 - 10:20	16
BANDSLAM	kl. 5:30	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:50	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 5:50	L
HARRY POTTER	kl. 8	10

KRINGLUNNI

SURROGATES	kl. 6 - 8:20D - 10:30D	12
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6D	L
KRAFTUR SÍÐASTI SPRETTURINN	kl. 8:10D - 9:20D	L
DISTRICT 9	kl. 8:10 - 10:30	16
FINAL DESTINATION 4	kl. 10:30(3D)	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 6(3D)	L

AKUREYRI

SURROGATES	kl. 8 - 10:20	12
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 6	L
UPP M/Ísl. Tali	kl. 6	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8	12
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 10:40	16

[HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR](http://facebook.com/biomyndir)

NÝTT Í BÍÓ!

MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE

★★★★★ -S.V., MBL

★★★★★ -VJV, FBL

600 kr.

ATH: Gildir ekki í lúxus

★★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is

★★★★★ - PP, DV

★★★★★ MMJ - kvikmyndir.com

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM

BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

LÚXUS

600 kr. Jennifer's Body

600 kr. the ugly truth

600 kr. Antichrist

600 kr. BIONICLE

600 kr. GODSÖGNIN

600 kr. HÖLD 3

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5:20 - 8 - 10:40	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5:20 - 8 - 10:40	L
JENNIFER'S BODY	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
BIONICLE - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
THE UGLY TRUTH	kl. 5:45 - 8 - 10:15	14
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
ÍSÖLD 3 - ÍSLENSKT TAL	kl. 3:45	L

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 6 - 7:30 - 9 - 10:30	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5:45 - 8 - 10:15	14
THE UGLY TRUTH	kl. 5:40 - 8 - 10:20	18
ANTICHRIST	kl. 5:40 - 8 - 10:20	18

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
JENNIFER'S BODY	kl. 10	16
BIONICLE - ÍSLENSKT TAL	kl. 5:45	L
THE UGLY TRUTH	kl. 8	14

REGBOGINN Sími 551 9000

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5:50 - 8:30 - 11	14
JENNIFER'S BODY	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
THE UGLY TRUTH	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5:45 - 8 - 10:20	16

Missti af fluginu til London

„Hann var mjög svekktur og ég auðvitað líka,“ segir fyrirsætan og neminn Krístrún Ösp Barkardóttir.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að Krístrún væri á leiðinni til Bretlands að hitta fótbolta-kappann Dwight Yorke og ætluðu þau að fagna nýrri ævisögu kappans sem kom út í síðustu viku. Hann ætlaði að taka á móti henni í London og þau ætluðu að eyða helginni saman, en íslenska veðr-áttan varð til þess að hún missti af fluginu út.

„Ég þorði ekki að keyra suður,“ segir Krístrún, sem býr á Akureyri. Mikil hálka var á Holtavörðuheidi og nokkrir bílar fóru út af. Hún átti flug til London snemma um morguninn svo að hún gat ekki

farið frá Akureyri til Reykjavíkur með flugi á laugardag.

Krístrún býst þó við að hitta Yorke á næstunni og er hann búinn að lofa því að bjóða henni út þegar hann snýr aftur úr Karíbahafinu, en þangað hélt hann í gær.

Ævisaga Yorke hefur vakið mjög mikla athygli í Bretlandi og þá sérstaklega ummæli hans um glamúrmódelið og athafnakonuna Jordan. Þau áttu í ástarsambandi á árum áður og eiga saman soninn Harvey. Yorke lýsir sambandi þeirra í smáatriðum og gagnrýnir hana fyrir að leyfa sér ekki að umgangast son sinn.

- afb

YORKE OG KRÍSTRÚN Holtavörðuheidið stöðvaði Lundúnaferð Krístrúnar.



Dorrit sat kvöldverð með Naomi og Nicole Kidman

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff sótti glæsilegan kvöldverð í New York þegar forsetahjónin voru þar í lok september. Ekki varð þverfótað fyrir stórstjörnum í teitinu.

Bandaríska stórblaðið New Yorker fjallar ítarlega um þessa veislu í grein sem birtist í gær og hefur þar eftir Dorrit að eiginkonur valdamanna hittist við alls konar aðstæður. „Við sjáumst við brúðkaup og jarðarfari.“ En meðal þeirra sem voru á staðnum var Sarah Brown, eiginkona Gordons Brown. Og spurning hvort Dorrit hafi lagt inn gott orð fyrir Icesave-málið.

Viðburðurinn nefnist Important Dinner for Women eða Mikilvæg kvöldstund fyrir konur og hefur verið haldinn fjórum sinnum. Málsmetandi konur hittast þá og ræða um stöðu kvenna í heiminum og hvernig þær geti lagt sitt af mörkum til að bæta hana. Aðalmálið í þessari veislu var að gera barnsfæðingar öruggari í þróunarlöndunum en gestgjafar að þessu sinni voru þær Wendi Murdoch, eiginkona fjölmiðlamógúlsins Ruperts Murdoch, Nooyi, forstjóri PepsiCo og drottning Rania frá Jórdaníu.

Blaðið The New Yorker virðist hafa haft blaðamann á sínum snærum sem lýsir því sem fyrir augu ber með nokkuð skemmtilegum hætti. Veislan var haldin á hinum glæsilega veitingastað Ciapriani við 42. stræti en nokkrir heimsfrægir karlar gengu um sem þjónar. Má nefna að írski roksöngvarinn Bono sá meðal annars um súpuna og fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch skenkti í glös kvennanna. Meðal gesta voru leikkonurnar Nicole Kidman og Jessica Alba, ofurfyrirsæturnar Iman og Naomi Campbell, athafnakonan og vinkona Dorritar, Martha Stewart, og kryddpían Geri Halliwell auk þess sem kántrísöngkonan Shania Twain og leikkonan Naomi Watts mættu á svæðið. - fgg



Í FRÍÐUM HÓPI

Dorrit og góðvinkona hennar, Martha Stewart, voru í glæsilegu kvöldverðarboði í New York fyrir skömmu. Meðal gesta voru þær **Nicole Kidman, Jessica Alba og Naomi Campbell.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ EGILL BJARNASON

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 06. október 2009

Námskeið

20.15 Hjalmar Sveinsson verður með námskeið hjá endurmenntun HÍ við Dunhaga 7 sem nefnist „Berlín og múrin“. Námskeiðið er öllum opið. Nánari upplýsingar og skráning á www.vvwwv.vv endurmenntun.is.

18.00 Auður I. Konráðsdóttir heldur matriðslunámskeið hjá Maður lifandi við Borgartún 24. Nánari upplýsingar á www.madurlifandi.is.

Kvikmyndir



Kvikmyndasafn Íslands og Sendiráð Japans á Íslandi bjóða upp á japanska kvikmyndaviku 6.-10. okt. Sýningar fara fram í

Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Sýnd verður kvikmyndin „**Björt framtíð**“ (Akarui mirai) frá árinu 2003 eftir leikstjóran Kiyoshi Kurosawa.

Bækur

19.30 í Bókasafni Seltjarnarness á Eiðistorgi hefst vetrarstarf hjá leshóp-

um. Áætlað er að hópurinn hittist mánadaglega fyrsta þriðjudag í mánuði. Allir velkomnir.

Handverkskaffi

19.30 Kartín Ósk Björnsdóttir textilkennari hefur umsjón með þrjónakaffi hjá Bókasafni Seltjarnarness á Eiðistorgi.

Fyrirlestrar

12.00 Mark Weiner flytur erindi um uppruna og byggingu stjórnskrár Bandaríkjanna Norður-Ameríku hjá Háskólanum á Akureyri, Sólborg, (L201) við Norðurslóð.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

FYRIR ÞÉR ER EINN DAGUR SEM ÞÚSUND ÁR

AFHJÚPUÐ Í DAG KL. 17:00 Í HÁSKÓLABÍÓI. LOKUÐ BOÐSSÝNING.

GUÐ BLESSI ÍSLAND

ALMENNAR SÝNINAR HEFJAST Á MORGUN Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI.

FELIX FILMS | SAMVINNIÐ IRIS FILM OG MA.JA.DE.FILM | KYNNNA "GUÐ BLESSI ÍSLAND"
STURLA JÓNSSON EVA HAUKSÐÓTTIR ÞÓRIR RÚNAR GEIRJÓNSSON KVIKMYNDA TAKA HELGI FELIXSON KLIPPING STEFFI THORS TONLIST HILMAR ÖRN
HILÓD VINGSLA CINEMA SOUND INGVAR LUNBERG COLOURIST DANIEL ODDSSON FRAMLEIÐENDUR TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON MED EVA RINK HEINO DECKERT
HANDRIT TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON LEIKSTJÓRI HELGI FELIXSON STJÓRNAR FRÁ KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS NORDIC FILM AND TV FOND NDR/ARTE RUV SVT YLE TV2

græna ljósið

REKINGIR

SVT

arte NOR

rúv

svt

YLE

T2

DR

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

www.graenaljosit.is/gbi

græna
ljósið

> **Sigurður tekinn við Njarðvíkingum**

Sigurður Ingimundarson var í gær ráðinn þjálfari körfuknattleikslíðs Njarðvíkur en tilkynnt var um helgina að bróðir hans, Valur, myndi hætta þjálfun liðsins. Sigurður var áður þjálfari Keflavíkur en hélt til Svíþjóðar í sumar til að taka við stjórn Solna Vikings. Hann hætti hjá því félagi í síðustu viku og því fluttur aftur heim. „Þetta gerðist allt mjög hratt,“ sagði Sigurður og sagði ekkert hæft í því að Valur hefði vikið úr starfinu fyrir sig. „Að sjálfsögðu ekki. Allir sem þekkja okkur vita að þannig færur við ekki að. Það var einfaldlega röð tilviljana sem réði þessu,“ sagði Sigurður.

sport
sport@frettabladid.is

**BLIKARNIR FANNDÍS FRÍÐRIKSDÓTTIR OG ALFREÐ FINNBOGASON: EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS****Framtíðin er mjög björt í Kópavoginum**

Blikarnir Alfreð Finnbogason og Fanndís Friðriksdóttir voru í gær kjörin efnilegustu leikmenn Pepsi-deildar karla og kvenna. Alfreð var einnig næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar en Fanndís var markahæsti í liði Breiðabliks og í fjórða sæti í deildinni.

Það kom fáum á óvart að þau skyldu verða valin enda hafa þau átt frábæru gengi að fagna í sumar.

„Ég hef átt mjög gott sumar og það var mikil viðurkenning að vera valinn af öðrum leikmönnum í deildinni,“ sagði Alfreð. „Ég setti mér fjögur markmið fyrir tímabilið og náði þeim öllum. Eitt þeirra var að hljóta þennan titil en hin voru að skora meira en tíu mörk, vekja athygli erlendra liða og komast í U-21 landsliðið. Þetta tókst allt og ég er því afar sáttur við tímabilið.“

Alfreð segir að hann muni fljótlega vinna í að setja sér ný markmið. „Ég mun gera það þegar ég veit hvar ég



mun spila á næsta ári. Ég hef mikinn áhuga á að fara út en ég verð áfram í Kópavoginum ef ég verð áfram á Íslandi. Það er mjög bjart fram undan þar og ég sé enga ástæðu til að fara annað.“

Fanndís segir að viðurkenningin sé þrátt fyrir allt lítil sárabót fyrir vonbrigði tímabilsins enda Blikar nýbúinir að tapa fyrir Val í úrslitum bikarkeppninnar. „Sá leikur var ótrúlega svekkjandi. En við komum sterkar til baka á næsta ári.“

Hún segir þó að tímabilið hafi verið gott enda náði Breiðablik öðru sæti deildarinnar og sæti í Meistaradeild Evrópu. Sumarið var einnig gott fyrir hana sjálfa.

„Þetta var mjög gott sumar en það sem stóð upp úr var að komast í EM-hópin og fara með landsliðinu til Finnlands. Ég var líka ánægð með að ég náði að bæta mína frammistöðu í ár.“

Jafnt hjá Aston Villa og Manchester City í gær: Fannst rétt að fagna ekki

FÓTBOLTI Richard Dunne var nálægt því að tryggja Aston Villa á sínu gamla félagi, Manchester City, í gær. Hann kom Villa yfir með skallamarki á 15. mínútu leiksins og var nálægt því að skora annað áður en Craig Bellamy jafnaði metin fyrir City um miðbik síðari hálfleiks.

Athygli vakti að Dunne ákvað að fagna ekki marki sínu þó svo að leikurinn hafi farið fram á heimavelli Villa. Mörgum er enn ofarlega í huga fagnaðarlæti Emmanuel Adebayor sem skoraði þegar City spilaði við Arsenal.

„Þetta virðist vera algengt þegar leikmenn spila gegn sínu gamla félagi,“ sagði Dunne eftir leikinn. „En ég naut míns tíma



FAGNAÐI EKKI Richard Dunne eftir mark sitt í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

hjá City og ber mikla virðingu fyrir bæði félaginu og stuðningsmönnum þess. Mér fannst því rétt að fagna ekki.“

City var sterkari aðilinn í seinni hálfleik og var nærri því að skora sigurmarkið.

City er í fjórða sæti deildarinnar og Villa því sjöunda. - esá

Atli og Katrín valin best

FH-ingurinn Atli Guðnason og Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði Vals, voru valin bestu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna í hófi sem KSÍ stóð fyrir í gærkvöldi.

FÓTBOLTI Atli Guðnason FH og Katrín Jónsdóttir Val voru í gær valin bestu leikmenn Pepsi-deildar karla og kvenna. Það kom fáum á óvart að Atli skyldi hafa verið valinn en sjálf átti Katrín alls ekki von á að hlotnast þennan heiður nú.

„Þetta kom mjög á óvart,“ sagði Katrín. „Ég hélt að Erna Björk [Sigurðardóttir, Breiðablik] yrði valin enda valdi ég hana sjálf. Það mátti ekki kjósa leikmann úr eigin liði en ég vonaðist auðvitað til þess að einhver úr Val yrði kjörin. Það var gaman að þetta lenti okkar megin,“ sagði Katrín. „Mér fannst þó enginn í okkar liði betri en annar heldur var það liðsheildin sem var sterkust. En ég er fyrirlíði og kannski var það þess vegna sem ég var valin.“

Hún segir að tímabilinu sem er að ljúka sé eitt það besta á ferlinum. „Ég var mjög ánægð eftir tímabilið mitt með Kolbotn í Norge árið 2002 og svo aftur með Val árið 2007. En ég var líka mjög ánægð í ár. Ég var þó í varnarsinnaðra hlutverki nú en oft áður og þess vegna kom valið mér líka á óvart. Það er oft fyrst og fremst tekið eftir þeim sem skora mörkin,“ sagði Katrín sem íhugar nú hvort hún eigi að halda áfram eða leggja skóna á hilluna.

„Árangurinn ýtir undir að ég haldi áfram. Ef ég held áfram verð ég þó að fá að gera ýmislegt á eigin forsendum. En ég ætla þó að bíða og sjá til.“

Atli hefur nú verið valinn af flestum fjölmiðlum og nú leikmönnum besta leikmaður tímabilsins í Pepsi-deild karla. Hann segir þó að allar viðurkenningar stígi sér ekki til höfuðs.

„Það þýðir ekkert,“ sagði Atli. „Það er hluti af þessu að halda sér á jörðinni. Ég get fagnað þessu í kvöld og eitthvað fram eftir árinu. En svo tekur við nýtt ár þar sem ég



PAU BESTU Katrín Jónsdóttir og Atli Guðnason með viðurkenningar sínar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

stefni á að bæta mig og gera betur. Fótboltinn er það góð íþrótt að það er alltaf hægt að bæta sig. Ég veit um helling af atriðum sem ég get bætt hjá mér og mun ég vinna í þeim í vetur.“

Hann segir að það hafi skipt miklu máli fyrir sig að hafa fundið fyrir trausti þjálfara og leikmanna FH.

„Þetta var mjög gott tímabil en það sem stóð hæst upp úr var sú trú sem ég, þjálfarinn og leikmenn höfðu á mér. Ég fann að hún jókst alltaf eftir því sem leið á sumarið og um leið batnaði spilamennskan mín.“

Þótt FH hafi nú orðið Íslandsmeistari í fimmta sinn á síðustu sex tímabilum segir Atli að félagið hafi að nóg að stefna.

„Það hefur verið markmið FH í mörg ár að taka tvennuna og þá var ég ekki sáttur við hvern-

VIÐURKENNINGAR**Pepsi-deild karla**

Bestur Efnilegastur	Atli Guðnason, FH
Þjálfari ársins	Alfreð Finnbogason, Brblk.
Stuðningsmannaverðlaun	Bjarni Jóhannsson, Stj.
Prúðmennskuverðlaun	KR
Besti dómariinn	KR (lið)
	Daði Guðmundsson, Fram (leikm.)
	Kristinn Jakobsson

Pepsi-deild kvenna

Best Efnilegust	Katrín Jónsdóttir, Val
Þjálfari ársins	Fanndís Friðriksd., Brblk.
Stuðningsmannaverðlaun	Freyr Alexandersson
Prúðmennskuverðlaun	Fylkir
	Breiðablik (lið)
	Dóra María Lárusdóttir, Val (leikm.)

ig okkur gekk í Evrópukeppninni. Við erum þó auðvitað ánægðir með Íslandsmeistaratilinn enda er hann stærstur.“

eirikur@frettabladid.is

Galleri Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð
Gallerís Foldar
verður haldið 12. október

Erum að taka á móti verkum

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



Deila: 15 bér með forblöndun
3 mismunandi kaffisigti,
1,7 lítra vatnsgeymir
Þyngd: 5 kg
1200-1300 W

1 kaffivél á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 1 Solis espresso kaffivél hjá **Ormsson** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.



Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

> Kaley Cuoco

„Mér hefur aldrei dottið í hug að persóna sem ég sé í sjónvarpsþætti sé eins í raunveruleikanum en það er til fullt af fólki sem heldur að þannig sé það.“

Kaley Cuoco leikur Penny í þættinum The Big Bang Theory sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.30.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM HEIMILISBÖL LJÓÐLISTARINNAR

Hneykslanlegt ástalíf

Mikið er ég orðinn rosalega þreyttur á djúpköfun bókmenntafræðinga kvenkyns í hjónabandslíf Ted Hughes og Sylvíu Plath. Á sunnudagsmorgun voru tveir greindir bókmenntafræðingar með mæðulegan kjaftasögubátt um þetta leiðinlegasta hjónaband ljóðasögu síðustu aldar sem er búið að elta mann allar götur frá því stelpugreyið skrúfaði frá gasinu. Hvað ætli yrði nú sagt ef karlkyns bókmenntafræðingar legðust í aðrar eins grúpiustell- ingar yfir þumbaranum Hughes og kvölum hans yfir að hafa lent með þessu snjalla en skammlífa ljóðskáldi?

Í þættinum, sem var annar af tveimur um ástalíf skálda, var síðan fumað áfram og hvað var þá dregið upp annað en bóhemían í kringum ensku skáldin með Goodwin og Mæju gömlu Wollston- ekraft gnæfandi yfir stóðlífinu á krökkunum sem



þau höfðu alið upp í eftirhreytunum af bylting- unni um frjálst tilfinningalíf og hömlur hins borg- aralega hjónalífs. Og ekki voru verjurnar þá nema – eigum að segja – verulega takmarkaðar og gagnslitlar. Svo börnin hrúguðust upp og dóu flest hver af illri umsjá fólks sem lifði eins og spilltasti dekuraðall en án landseta og þræla. Þáttagerðin sem boðið er upp á á sunnudags- morgnum er á skelfilega lágu plani: væri nú ekki nær, nenni menn eina ferðina enn að tala allt þetta Plathitjúð, að greina líkingamál ljóðanna, kíkja á bak við orðanna hljóðan í stað þessarar gömlu rullu hvað Ted var hneigður til kvenna? Annars bið ég sömu umsjónarmenn næst um þátt þar sem áhrif Courtney Love verða rakin í ljóðum Kurts Cobain. Eða sem næst því, jafnvel lesa upp úr slúðurdálkum blaðanna.

PRÍÐJUDAGUR



► 20.00 The Upside of Anger STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.00 Skjár einn í 10 ár SKJÁR EINN



► 20.20 Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



► 21.40 Burn Notice STÖÐ 2



► 21.50 Love You to Death STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.35 Útsvar (Fjarðabyggð - Hvera- gerði) (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Frumskógar Goggi (1:26)
17.52 Herramenn (13:13)
18.03 Gurra grís
18.10 Íslenski boltinn Sýnd verða mörk- in úr síðustu umferð Íslandsmótsins í fót- bolta. (e)

19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
► 20.20 Skólaklíkur (Greek) (21:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjórugt félagslíf þeirra í háskóla. Helstu leikarar eru Jacob Zachar, Spencer Grammer, Scott M. Foster, Jake McDorman, Clark Duke, Dilshad Vadsaria, Paul James og Amber Stevens.

21.05 Hrunið (1:4) Ný þáttaröð um hrun- ið byggð á bók eftir Guðna Th. Jóhannes- son.

22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Illt blóð (Wire in the Blood VI: Undirheimar) (4:4) Breskur spennumynda- flokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál.

00.00 Fréttaukinn (e)
00.35 Kastljós (e)
01.15 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 Bigger Than the Sky
10.00 27 Dresses
12.00 Home alone 2
14.00 Bigger Than the Sky
16.00 27 Dresses
18.00 Home alone 2

► 20.00 The Upside of Anger Húsmóð- irin Terry Wolfmeyer er niðurbrotin eftir að eiginmaður hennar stingur af en undarlegt samband hennar við fyrrverandi hafnabolta- stjörnu í næsta húsi reynist vera einmitt það sem hún þarf á að halda.

22.00 Idlewild
00.00 John Tucker Must Die
02.00 Kin
04.00 Idlewild
06.00 Coming to America

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Íkomastrákurinn.
08.15 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.25 In Treatment (14:43)
11.00 Hell's Kitchen
11.45 The Best Years (11:13)
12.35 Nágrannar
13.00 Revenge of the Nerds
14.40 Sjáðu

15.05 Notes From the Underbelly
15.30 Barnatími Stöðvar 2 Tutenstein, Ben 10 og Maularinn.
16.43 Áfram Diego, áfram!
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (1:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður

19.20 The Simpsons (7:23) Samvíska Lísu angrar hana eftir að hún svindlar á prófi og Hómer telur sig geta sparað stórfé með því að rækta sinn eigin humar.
19.45 Two and a Half Men (21:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.

20.10 Two and a Half Men (8:24)
20.30 The Big Bang Theory (4:23) Eðl- isfræðingarnir Leonard og Sheldon eru af- burðasnjallir en hafa ekki hugmynd um hvernig haga eigi samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

20.55 Chuck (5:22)
► 21.40 Burn Notice (5:16) Njósna- rin Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komn- ir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.

22.25 The Sopranos (36:39)
23.10 Ástríður (7:12)
23.35 Medium (7:19)

00.20 John From Cincinnati (7:10)
01.15 Perfect Day - The Funeral
02.50 Revenge of the Nerds
04.20 Chuck (5:22)
05.05 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

18.00 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni verð- ur árið gert upp.

18.55 Spænsku mörkin Allir leikir um- ferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

19.55 Meistaradeild Evrópu: Frétta- þáttur Skygnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

20.25 Argentína - Brasilía Útsending frá leik í undankeppni HM.

22.05 PGA Tour 2009 - Hápunkt- ar Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröð- inni í golfi.

23.00 President's Cup 2009 Hitað upp fyrir Forsetabikarinn í golfi sem fram fer 9.-11. október næstkomandi.

23.30 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 enski boltinn

07.00 Aston Villa - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.50 Everton - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

19.00 Arsenal - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjun- um skoðað gaumgæfilega.

23.15 Bolton - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.20 Lífsaugað (3:10) (e)
08.00 Dynasty (65:88) (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Lífsaugað (3:10) (e)
12.40 Pepsi MAX tónlist
17.50 Dynasty (66:88)
18.40 Family Guy (18:18) (e)
19.05 Everybody Hates Chris (19:22)
19.30 Fyndnar fjölskyldumyndir (3:12) (e)

► 20.00 Skjár einn í 10 ár (3:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað er á stóru í tíu ára sögu Skjás eins og rífuð upp eftirminnleg atvik. Í þætt- inum í kvöld skoðar Dóra leikið efni; Silvíu Nótt, Johnny Nash, Venna Páer og Sigtið.

21.00 Nýtt útlit (2:10) Núna hjálpar Kalli 24 ára Reykjavíkumær sem hefur ekki fundið sinn rétta stíl og finnst fólk enn líta á sig sem ungling og ekki taka sig alvarlega. Hún ræður ekkert við hárið á sér og finnst hún alltaf hafa verið óðruvísi. Kalli gefur henni nýtt útlit sem tekið verður eftir.

21.50 PA's (5:6) Glæný bresk þátta- röð um nokkra einkaritara í fjárfestinga- banka sem sinnir þörfum frægra og for- ríkra viðskiptavina. Leynardómurinn á bak við hvarfið á Grace og tengsl hennar við Adam verða enn dularfyllni. Midge kann- ar fortíð sína og Lucy tilkynnir að hún sé að skilja við Bob.

22.50 The Jay Leno Show Spjallþátta- kóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á léttu strengi.

23.40 CSI: New York (4:25) (e)
00.30 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaping Yngvi Örn Kristins- son rýnir í fjárlögin. Umræður um pólitík líð- andi stundar.

21.00 Græðlingur Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.

21.30 Mannamál Sjónvarpsmaðurinn og alþingismaðurinn Sigmundur Emir Rún- arsson snýr aftur í sjónvarp með þátt sinn mannamál.

Dagskrá INN er endurtekin um helg- ar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Tveggja laga undirfatnaður, andar vel og flýgur ráka frá líkamanum

5 bolir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 5 Devold Active bolir á ári hjá Ellingsen fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*



Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Chuck

Önnur serían af drepfyndnum og hröðum spennuþáttum um Chuck Bartowski sem var ósköp venjulegur og lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem gaf honum upplýsingar um öll hættulegustu leyndarmál CIA. Þá var hann skyndilega orðið mikilvægt leynivopn og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



► VIÐ MÆLUM MED
Hrunið
Sjónvarpið kl. 21.05
Sjónvarpið sýnir í kvöld fyrsta þáttinn af fjórum sem byggðir eru á bókinni Hrunið eftir Guðna Th. Jóhannesson og fjalla um hrun íslenska fjármála-kerfisins. Í kvöld verður farið yfir hina örlagaþrungnu atburðarás frá því að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers fór í þrot um miðjan september 2008 og þar til ríkið yfirtók Glitni.



EXTRA

16.30 Doctors (12:26) Lækna-lið og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greiða þarf úr flækjum í einkalífinu.

17.00 Doctors (13:26)

17.30 Ally McBeal (21:21)

18.15 Seinfeld (9:24)

18.45 Doctors (12:26)

19.15 Doctors (13:26)

19.45 Ally McBeal (21:21)

20.30 Seinfeld (9:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

►21.50 Love You to Death (13:13)
Frumlegir þættir úr smíðu Johns Waters þar sem sagðar eru sannar sögur af sakamálum sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

22.15 So You Think You Can Dance (2:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

23.00 Big Love (4:10) Þriðja serían af þessum marglofuðu og ögrandi þáttum um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

23.55 John From Cincinnati (7:10)

00.45 Fangavaktin (2:8)

01.15 Sjáðu

01.45 Fréttir Stöðvar 2

02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBCentertainment

12.25 Lead Balloon 12.55 Only Fools and Horses 13.25 Absolutely Fabulous 13.55 The Weakest Link 14.40 The Black Adder 15.15 Lead Balloon 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 Lead Balloon 18.30 Coupling 19.00 Gavin And Stacey 19.30 Absolutely Fabulous 20.00 Spooks 20.50 Lead Balloon 21.20 Coupling 21.50 Gavin And Stacey 22.20 Absolutely Fabulous 22.50 EastEnders 23.20 The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Braceface 14.55 Den lyserode panter 15.00 Klima Nord 15.30 Lille Nord 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Hammerslag 18.30 By på Skrump 19.00 TV Avisen 19.25 Folketinget åbner. Interview med statsministeren 19.40 Kontant 20.05 SportNyt 20.15 Måske skyldig - sirener 21.45 OBS 21.50 Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen 22.25 Truslen fra dybet 23.05 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Naboeir 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.10 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Doktor Åsa 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Froksen og venene 16.10 Molly Monster 16.15 Oisteins blyant 16.20 Tegneby 16.25 Milly og Molly 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Den leiken den ville han sjå 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Bokprogrammet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Olme beist 22.45 Epidemier 23.40 Ut i naturen jukeboks

SVT 1

12.35 Mord, lilla vän 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Hannah Montana 15.25 Mitt i naturen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Den stora resan 19.00 Andra Avenyn 19.45 Dessa vackra hästar 21.40 Kulturnyheter 21.55 Livakterna 22.55 Jag och min familj 23.25 Studio 60 on the Sunset Strip

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.50 Bæn 07.05 Vítt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.11 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.13 Söngvarar blárrar sveiflu 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.02 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Flakk

14.03 Breiðstræti 15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn 15.25 Þriðjudagsdjass 16.00 Síðdegisfréttir 16.10 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.16 Spegillinn 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.30 Fólk og fræði 22.12 Orð kvöldsins 22.15 Fimm fjórðu 23.05 Sumar raddir 00.00 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 91,9 Kaninn FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM 96,7 FM 97,7 FM 98,9 FM 99,4 FM Suðurland Létt Bylgjan X-ið Bylgjan Útvarp Saga FM 90,1 Rás 2 FM 102,2 Útvarp Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

Goran Superform

- raunhæft námskeið sem kemur þér í form á 4 vikum.

Goran Micic íþróttافرæðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, þ.á.m. mat sem örvar fitubrennslu. Þú lærir hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina og hvernig þú brennir meira og léttist hraðar.

Sértilboð

Superform námskeið og Superform matartaska í 4 vikur á aðeins 69.900.

Goran útbýr töskuna sérhannaða fyrir þig með þína orkuþörf í huga sem tryggir þér hámarks árangur í ræktinni. Inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn.

Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

5 tímar á viku.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf hjá Goran.
Persónuleg næringaráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Næringadrykkur í lok hvers tíma.
Herðanudd í pottum eftir æfingar.

Technogym-lykillinn fylgir þér gegnum æfingarnar og hefur að geyma stillingar þínar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Í Ostabúðinni á Skólavörðustíg vinnur meistarakokkur sem býður upp á alls kyns súpur í hádeginu og eru þær allar alveg gómsætar. Ég næ mér oft í súpu þar í hádeginu.“

Margrét Kristín Sigurðardóttir tónlistar-
maður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ungur fugl, 6. í röð, 8. mjög, 9. loga, 11. 999, 12. verslað, 14. digur-mæli, 16. líka, 17. hyggja, 18. við, 20. forfaðir, 21. blaðra.

LÓÐRÉTT

1. afl, 3. átt, 4. planta, 5. angan, 7. verkfæri, 10. inngangur, 13. ot, 15. uppuríð, 16. mælieining, 19. spil.

LAUSN

Þú ert búinn að
1. af, 2. af, 3. af, 4. af, 5. af, 6. af, 7. af, 8. af, 9. af, 10. af, 11. af, 12. af, 13. af, 14. af, 15. af, 16. af, 17. af, 18. af, 19. af, 20. af, 21. af.

LÖBÐRÉTT: 1. þreki, 2. na, 3. g, 4. g, 5. ilm, 6. sleigja, 7. dyr, 8. pot, 9. pot, 10. pot, 11. im, 12. keyt, 13. g, 14. g, 15. g, 16. g, 17. trú, 18. hjá, 19. á, 20. á, 21. mase.

LÁRÉTT: 2. ungi, 3. af, 4. af, 5. af, 6. af, 7. af, 8. af, 9. af, 10. af, 11. af, 12. af, 13. af, 14. af, 15. af, 16. af, 17. af, 18. af, 19. af, 20. af, 21. af.

www.this.is/krossgatur

MEIRA EN
250
ÓKEYPIS
KROSSGÁTUR

26

FRÉTTABLAÐIÐ

6. október 2009

PRÍÐJUDAGUR

Jói Fel og Jóhanna elda á sama tíma

„Mér finnst Jói flottur og gera vel. Ég kemst ekki í sporin hans,“ segir fréttakon-
an Jóhanna Vígðís Hjaltadóttir um keppinaut
sinn í matreiðslubáttabransanum.

Nú er komin upp sú staða að nýr matreiðslu-
þáttur Jóhönnu og ný þáttaröð Jóa Fel
verða sýndir á sama tíma í vetur;
á fimmtudögum klukkan 20.10.
Jóhanna telur að um tilviljun sé
að ræða og hvetur fólk til þess að
nýta plúsrásirnar og horfa á báða
þættina. „Ég held að það séu mjög
margir sem hafa mjög gaman af því
að horfa á matreiðsluþætti – hvort
sem þeir ætli að gera það sem
er eldað eða ekki,“ segir
hún.

JÓI FEL Ósáttur við að
þættirnir lendi á sama
tíma.

Jóhanna getur ekki hugsað sér dásamlegri
leið til að eyða fimmtudagskvöldunum en
að leggja þau undir íslenska sjónvarpsmat-
reiðslu. Undir það tekur vöðvatrölloð Jói Fel,
sem byrjaði með tíundu þáttaröðina sína í síð-
ustu viku. „Ég hlakka rosalega mikið til að sjá
Jóhönnu,“ segir hann.

Hann er ekki sáttur við að þættirnir
skuli lenda á sama degi og á sömu mínút-
unni, en lítur ekki svo á að hann sé kominn
með samkeppni. „Mér finnst þetta ekki vera
samkeppni því þættirnir eru ólíkir. Það er
ekki hægt að bera þá saman,“ segir Jói.

Hann hvetur einnig fólk til að nýta plús-
rásirnar og horfa á báða þætti, enda
mikill áhugamaður um matreiðslu-
þætti sjálfur. „Ég ætla að gera
það!“ segir hann. „Ég horfi bara
á matreiðsluþætti og les bara
matreiðslubækur.“

- afb

JÓHANNA VÍGÐÍS Segist ekki komast með tærnar þar
sem keppinautur hennar hefur hælana.

EINAR ÞÓR: ÁGREININGUR UM LOKAUPPGJÖR

REIKNINGUR FRÁ BRÚÐKAUPI
ALDARINNAR FYRIR DÓM

Viðburðafyrirtækið Élan prod-
uctions hefur höfðað skuldamál
á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannes-
syni og Ingibjörgu Pálmadóttur
vegna brúðkaups þeirra sem fyr-
irtækið skipulagði. Málið verður
tekið fyrir í Héraðsdómi Reykja-
víkur á fimmtudaginn. Einar Þór
Sverrisson, lögmaður þeirra hjóna,
sagði í samtali við Fréttablaðið að
málið snerist um lokagreiðslu og
það væri ágreiningur um lokaupp-
gjör.

Eiríkur Gunnsteinsson, lög-
maður Élan hér á landi, vildi lítið
tjá sig um málið. Hann vildi ekki
gefa upp hversu háar fjárhæðir
væri um að ræða og útilokaði ekki
að samið yrði um málið utan dóm-
stóla. Í sama streng tók Einar og
bætti við að ekki væri um veruleg-
ar fjárhæðir að ræða.

Brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ing-
bjargar vakti mikla athygli en þau
giftu sig 17.nóvember í Fríkirkju-
inni fyrir tveimur árum. Élan sá
um alla skipulagningu brúðkaups-
ins og í frétt Fréttablaðsins kom
fram að starfsfólk fyrirtækisins
hefði flutt heilmargt inn í tilefni af
brúðkaupinu, allt frá blómaskreyt-
ingum til kokka. Garðar Thor söng
fyrir gesti Fríkirkjunnar en hún
hafði verið haganlega skreytt í
takt við stíl og smekk brúðhjón-
anna. Séra Hjörtur Magni gaf þau
saman.

Glæsilegur Rolls Royce-Phant-
om ferjaði hin nýgiftu hjón yfir í
Hafnarhúsið þar sem sungið var
og trallað langt fram á nótt undir
taktföstum slætti Gus Gus.

Nánast allir forkólfar viðskipta-
lífsins mættu til að samgledjast
þeim, nægir þar að nefna Hreið-
ar Má, Hannes Smárason, Lárus
Welding og Björgólf Guðmunds-
son.

freyrgigia@frettabladid.is

VIÐBURÐUR ÁRSINS

Brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar
Pálmadóttur var einn af viðburðum ársins
2007. Á gestalistanum voru meðal annars for-
setahjónin, Björgólfur Guðmundsson og Hreiðar
Már Sigurðsson en flestallir fjölmiðlar fjölluðu
ítarlega um málið. Nú er uppi ágreiningur á
milli brúðhjónanna og viðburðafyrirtækisins
Élan um lokagreiðslu vegna skipulagningar
brúðkaupsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björn Bragi Arnarsson, nýráðinn
ritstjóri tímaritsins Monitor, sagðist
yfir í Fréttablaðinu á dögnum
enginn eftirbátur fyrir ritstjóra
blaðsins á tónlistarsviðinu. Björn
er í hljómsveitinni Rokksonur sem
spilar svokallað dauða-
popp. Hljómsveitin
opnaði Myspace-síðu
í gær og setti inn tvö
lög. Lögin kallast
skemmtilega á við
tónlistarstefnuna
og heita Ég held ég
þurfi að drepa
þig og Geð-
veika ástin mín.

Stórsöngvarinn **Daníel Ágúst** og
sambýlskona hans, 90's drott-
ingin Kitty Von
Sometime,
eignuðust
dóttur í sept-
ember, eins
og Fréttablaðið
hefur greint frá.
Fjölskyldan
er í sjöunda
himni og
stúlkan ku
hafa hlotið
nafnið Lilja
Constance.

Á miðnætti rann út frestur til að
senda inn lög í Eurovision í ár. Mikil
þáttaka var meðal lagahöfunda og
þurfti ítrekað að tæma pappakassa
sem komið var fyrir í anddyri Rík-
isútvarpsins og skila átti lögum í á
diskum. Aðeins einn lagahöfundur
var beðinn um að senda inn lag
í ár, **Óskar Páll Sveinsson** sem
samdi lagið It is true sem Jóhanna
Guðrún flutti.
Keppnin verður
snörp í ár, hefst
í sjónvarpinu 9.
janúar en lagið
verður valið
13. febrúar.

- afb/drg

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

ÝSUFLÖK
LÚÐUSNEIÐAR
LÚÐUFLÖK
PLOKKFISKUR
FISKIBOLLUR

990
1590
1590
1290
990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Fjallabráður í kreppumynd

„Þetta var klikkað, en dálítið kalt. Manni leist ekk-
ert á þetta á tímabili og hélt að kórinn myndi steyp-
ast ofan í gjána“ segir Halldór Gunnar Pálsson,
leiðtogi Fjallabráðra, en karlakórinn kemur fram í
væntanlegri kreppukvikmynd Gunnars Sigurðsson-
ar. Tökurnar fóru fram á Þingvöllum á laugardag-
inn. „Þetta voru rosa flottar tök,“ segir leikstjór-
inn Gunnar ánægður, „flott veður og myndrænt.“

Atriði Fjallabráðra er þannig að andlitslaus
útrásarvíkingur kemur á svörtum Hummer til að
sætast við þjóðina á Þingvöllum. Þar hittir hann
Fjallkonuna sem spilar á fiðlu og svo koma
Fjallabráður gangandi inn í mynd á brún
Almannagjár. „Í okkar fínasta þússi að sjálf-
sögu og Magnús Þór í þjóðbúningi,“ en
Magnús Þór er höfundur lagsins sem þeir
syngja og heitir Freyja.

Vinnsluheiti myndar Gunnars eru hin
fleygu orð Geirs Haarde, „Maybe I
should have“. „Það er eins með okkur
alla, við hefðum átt að gera eitthvað,“
segir leikstjórinn.

Gunnar kemst ekki á frumsýn-
ingun annarrar kreppumynd-
ar, Guð blessi Ísland, í dag því

hann er úti í London að taka efni. „Alistair Darling
kemur til London í dag frá Tyrklandi og ég ætla
að sitja fyrir honum. Á fimmtudaginn förum
við svo til Guernsey, en þar hefur fólk farið
illa út úr viðskiptum sínum við Lands-
bankann.“ Gunnar segir að myndin verði
sennilega frumsýnd um mánaðamót-
in nóv/des. Fyrsta plata Fjallabráðra
kemur svo út í byrjun nóvember.

- drg

Í SÍNU FÍNASTI ÞÚSSI Á ÞINGVÖLLUM Fjallabráður í væntan-
legri kreppumynd **Gunnars Sigurðssonar**.

MYND/GRETAR ÞÓR SÆPÓRSSON

26

FRÉTTABLAÐIÐ

6. október 2009

PRÍÐJUDAGUR



Safnaðu þekkingu

fjölbreytt námskeið í október

MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 7. október

Völuspá
hefst 7. október

Reiði - sátt
hefst 12. október

Höfundur Njálu
hefst 12. október - einnig í fjarfundi

Símsvörun á ensku
hefst 14. október

Blaðagreinar og blogg með Illuga Jökulssyni
hefst 15. október

Framsögn og framburður á ensku
hefst 19. október

Ævintýraheimur íslenskra plantna
hefst 19. október

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
hefst 26. október - einnig í fjarfundi

Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna
hefst 27. október

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Sálgæsla barna og unglinga
hefst 15. október

Hugarkort: Verkfæri kennarans
haldið 28. október

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI OG ARKITEKTÚR

Sjálfbær framtíð
hefst 28. október

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Arðsemismat verkefna – reiknilíkön í Excel
hefst 14. október

Matsreglur ársreikningalaga
haldið 21. október

NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Ég, stjórnandinn
hefst 16. október

Fjarvistarstjórnun: Greining fjarvista og aðgerðir til úrbóta
haldið 19. október

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Skilvirkari vinnufundir - undirbúningur, ákvörðun og framkvæmd
hefst 15. október

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 20. október

Markvissari tölvupóstsamskipti - skipulag, yfirsýn og betri vinnufriður
haldið 29. október

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sár og sárameðferð
hefst 8. október

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 12. október

Fötunarfræði: Helstu hugtök og sjónarhorn
hefst 12. október

Mígreni
haldið 15. október - einnig í fjarfundi

Námstefna um átraskanir
haldin 21. október - einnig í fjarfundi

Sálgæsla og áfallahjálpar – samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 21. október

Lausnamiðuð nálgun
hefst 22. október - einnig í fjarfundi

Stjórnun gæða á rannsóknardeildum á heilbrigðissviði
haldið 23. október - einnig í fjarfundi

Breytingastjórnun – að leiða fólk í breytingum
haldið 26. október

LÖGFRÆÐI

Ný sjónarmið í vinnurétti
haldið 26. október

Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Til sölu

Einhýlishús til sölu, eiginkona efylgir í kaupbæti. Eihvern veginn svona hljómaði fyrirsögn á auglýsingu rúmlega fertugrar konu frá Flórída sem birtist í fyrri. Hún hét, og heitir sjálfsagt enn, Deven Trabosh og var orðin hundleið á að reyna að losna við húsið sitt sem var orðið verðlaust en hún þurfti þó að greiða af um hver mánaðamót. Þá höfðu andvökunætur hennar á næturklúbbum bæjarins einnig skilað lélegum árangri. Hús hennar og hjarta var falt fyrir rétt verð og réttan mann en enginn virtist áhugasamur þótt hvort tveggja væri svo sem nógu snoturt. Það var eitthvað hrifandi við hana Deven. Hún bar sig hvorki aumlega né völdi á skjaldborg heimilanna heldur snurfusaði sig og bauð það sem hún átti til sölu. Eihvern veginn var þetta uppátæki svo einlægt og bros hennar svo viðkvæmnislegt undir alltof miklum farða að ekki var hægt að hneykslast á henni. Hún var bara eitthvað svo elskuleg og fullviss um ágæti eigin uppátækis.

JÆJA þá er ég búinn að pússa bílinn. Eitthvað á þessa leið hljómaði tilkynning frá sex ára syni mínum í sumar. Litla elskan hafði í tvo daga horft á eldri karlmenn pússa timburpall við sumarbústað fjölskyldunnar en ekki fengið að verða að liði. Þegar enginn sá til laumaðist hann til að pússa nýja fjölskyldubílinn vel og vandlega. Verst að það var ekki svampur sem hann notaði heldur sandpappír. Löngun hans til að gera vel varð þó til þess að ekki var hægt að snupra hann. Hann var líka fullviss um eigið ágæti og gat ekki skilið að engin eftirsókn væri eftir starfskröftum hans.

SVIPUÐ tilfinning helltist yfir mig þegar ég horfði á myndband sem sýndi félaga einhvers stráks úr Garðabæ veifa fimm þúsund króna seðlum stórkarlalegir í bragði. Strákinn langaði til að verða formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, seðlana notuðu félagar hans til að borga þinggjald fyrir einhverja sem þeir höfðu hóað saman í flugvél og flogið með til Ísafjarðar þar sem formannskosningin fór fram. Þinggjaldið var 3.500 krónur á hvern fulltrúa og greindi fréttavefurinn Pressan frá því að reikna mætti með að leiguflogið hafi ekki verið undir einni milljón króna. Eihverjir voru víst ósáttir við uppátækið, reyndar svo mjög að margir drógu framboð sitt til stjórnar til baka þegar ljóst var að strákurinn hafði unnið og varð því ný stjórn ekki fullmönnuð. Ég gat ekki hneykslast. Hann langaði að verða formaður og fór óhefðbundnar leiðir til þess að svo yrði þegar hann sá að eftirsókn eftir starfskröftum hans var fremur lítil.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 6. október 2009, 279. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.51	13.16	18.39
Akureyri	7.39	13.01	18.21

Heimild: Almanak Háskólans

SÍÐUSTU EINTÖK
AF 2009 LÍNU
KING KOIL35-50% AFSLÁTTUR
ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKUÖRFÁ EINTÖK!
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR!

AVERY

King Size (193x203)
Verð 264.968 kr.Verð nú
132.484 kr.
= 50% AFSLÁTTUR

ECHO BAY FIRM

Cal King Size (183x203)
Verð 305.050 kr.Verð nú
198.282 kr.
= 35% AFSLÁTTUR

AC 12

Þrýstijöfnunarrúm
Queen Size (153x203)
Verð 236.340 kr.Verð nú
139.440 kr.
= 41% AFSLÁTTUR

BAL HARBOR

King Size (193x203)
Verð 359.390 kr.Verð nú
215.643 kr.
= 40% AFSLÁTTUR

rekkjan